MOSFELLINGUR

9. TBL. 19. ÁRG. 17. SEPTEMB…UR • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



ÓSKAR HEFUR KOMIÐ VÍÐA VIÐ Á LÖNGUM TÓNLISTARFERLI SÍNUM

Óskar Einarsson tónlistarmaður

BÆJARLISTAMAÐUR MOSFELLSBÆJAR 2020

Mynd/Hilmar

EIGN VIKUNNAR www.fastmos.is



SÚLUHÖFÐI - fallegt einbýlishús

Fallegt einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Gott skipulag, fjögur svefnherbergi og stórar stofur. Eignin er skráð 218 m2 og þar af bílskúr 41,8 m2. Stórt hellulagt bílaplan og fallegur garður með stórum veröndum, markísu, heitum potti, tjörn og leiktækjum. Frábær staðsetning. Stutt í leikskóla, grunnskóla, sundlaug/heilsurækt og á golfvöll.

V. 105,9 m.





Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is



Súrdeigsbrauð

Mosfellsbakarí - Háholti 13-15 - 5666145
mosfellsbakari.is - mosbak@mosbak.is

Við sjáum um dekkin

Pantaðu tíma á n1.is

N1 Langatanga 1a
Mosfellsbæ



RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



Ný CABAS tjónaskoðun



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson, *hilmar@mosfellingur.is*
Ritstjórn:
Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, *annaolof@mosfellingur.is*
Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is
Prentun: Landsprent. **Upplag:** 4.500 eintök. **Dreifing:** Afturelding.
Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.
Próförk: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 8. október

Klapp á bakið



Í blaðinu í dag er þó nokkuð um fréttir af viðurkenningum til Mosfellinga sem gera það gott á sínu sviði. Umhverfisviðurkenningar, jafnréttisviðurkenning og viðurkenning til bæjarlistamanns. Mér finnst þetta frábært. Alltaf gott að fá klapp á bakið. Góð leið til að gleðja og láta fólk vita að það sé að gera góða hluti og bæta samfélagið okkar í leiðinni.

Kórónuveiran er ekki farinn úr lífi okkar þótt við gjarnan vildum. Í lok ágúst greindust smit á leikskólanum Hulduberi. Allir sendir í sóttkví og vetrarstarfið enn að komast í lag. Sjálfur er ég með eins árs barn sem bíður eftir að komast í aðlögun á ungbarnadeild. Hvað er þriggja vikna seinkun á milli vina?
Þá er gott að eiga góðar ömmur og afa sem geta hlaupið undir bagga. Ef allir væru svo heppnir. En sem betur fer veiktist enginn alvarlega og rútínan fer aaalveg að koma.

Höldum áfram að passa okkur og huga vel að hreinlæti.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings

ÍSFUGL

www.isfugl.is

KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Úr Mosfellingi 23. febrúar 2007

Hugmyndasmiðurinn í Mosfellsbæ

Greinin með þessum pistli birtist í Mosfellingi 23. febrúar 2007. Eins og fram kemur er hugmyndin að gerð þáttanna Næturvaktin, sem sýndir voru á Stöð 2, rakin á bensínstöð í Mosfellsbænum.
Gestur Valur lagði til söguþráð og hugmyndir til úrvinnslu. Við smá skoðun kemur í ljós að a.m.k. þrír Mosfellingar lögðu sitt af mörkum við gerð þáttanna, Jóhann Ævar Grímsson sem var einn af handritshöfundum, Helga Rós V. Hannam búninga-hönnuður og Ragnar Bragason leikstjóri.



Umsjón: Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

Gestur Valur Svansson er hugmyndasmiður að nýjum gamanþætti

Þátturinn byggður upp á persónum í bænum

Í lok mars fer í loftið nýr íslenskur gamanþáttur á Stöð 2. Þátturinn heitir Næturvaktin og gerist á bensínstöð í Reykjavík. Hugmyndasmiðurinn á bak við þættina er Gestur V. Svansson. Gestur vann lengi á Esso bensínstöðinni gömlu í Háholti. Þar gerðust margir spaugilegir hlutirnir og margar skemmtilegar persónur sem þar unnu eða komu í heimsókn. „Sögurnar frá þessum tímum er ófáar og mörg ógleymanleg augnablikin. Ég sá alltaf fyrir mér fínt efni í brandarabók og hef lengi gengið með hugmynd í maganum um að gera eitthvað úr þessu efni. Fyrir nokkrum árum fór ég svo að skrifa hitt og þetta niður", segir Gestur. Þegar sögurnar voru orðnar 120 talsins fór Gestur að velta fyrir sér hvað hann gæti gert. „Ég talaði við Ragnar Bragason leikstjóra og sýndi honum efnið. Hann tók vel í þetta og við fengum Jón Gnarr með okkur í lið. Það var mikið að gera hjá þeim á þessum tíma og því var hugmyndin sett í salt í smá stund. Í haust fór svo allt að rúlla, handritshöfundur fenginn til þess að vinna úr hugmyndunum og upptökur hófust núna í janúar". Meðal leikenda í þáttunum eru þeir Jón Gnarr, Pétur Jóhann Sigfússon og Jörundur Ragnarsson. Gestur segir að það hafi verið gaman að vinna með Jóni. „Það er nóg að líta á hann, þá er maður farinn að hlæja". Þættirnir verða tólf alls og ef þeir hitta í mark hjá landanum eru möguleikar á framhaldi. Það verður áhugavert að sjá hvering þættirnir koma út og gaman fyrir bæjarbúa að sjá hvort þeir kannist við persónurnar sem þar fram koma."



HÉÐAN OG ÞAÐAN









Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

JAKO SPORT ÍSLANDI

NAMO EHF. - SMIÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali



Egilína S. Guðgeirsdóttir



Hildur Ólafsdóttir



Þórhildur M. Sandholt
Lögg. fasteignasali



Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil Karlsson

REYKJABYGGÐ - EINBÝLISHÚS MEÐ BÍLSKÚR



207,3 m2 einbýlishús með bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi, vinnuherbergi með gluggum, baðherbergi, eldhús með borðkrók, þvottahús, stóra stofu og sólstofu. Bílskúrinn er rúmgóður með geymslulofti. Húsið stendur á stórri eignarlóð 934,6 m2 með stórri hellulagðri verönd, timburverönd með heitum potti og hellulögðu bílaplani. **V. 84,9 m.**



VEFARASTRÆTI

Björt og falleg 89,9 m2, 3-4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, vinnuherbergi, forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Fallegar innréttingar og gólfefni. Hellulögð verönd í suðurátt. **V. 47,5 m.**

LAXATUNGA - FALLEGT EINBÝLISHÚS



Fallegt og stórt einbýlishús á einni hæð með rúmgóðum bílskúr. Eignin er skráð 246,1 m2, þar af einbýli 205 m2 og bílskúr 41,1 m2. Stórar stofur og rúmgóð svefnherbergi. Góð lofthæð í húsinu og bílskúr. Upptekin loft með innfelldri lýsingu. Gólfefni eru parket og flísar. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, sjónvarpshol, stofu, borðstofu, eldhús, bílskúr og geymslu. Stórt steypt bílaplan. Tvær timburverandir. Heitur pottur og geymsluskúr á lóð með rafmagni. **V. 99,8 m.**



BLIKAHÖFÐI

148 m2 rúmgóð 5 herbergja endaíbúð á 2. hæð, ásamt bílskúr. Íbúðin skiptist í fjögur svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús með borðkrók, sjónvarpshol og stofu. Sérgeymsla í kjallara. Frábær staðsetning, stutt í skóla, leikskóla, sundlaug, líkamsrækt og golfvöll. Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega. **V. 57,5 m.**



LEIRVOGSTUNGA

Fallegt einbýlishús, í byggingu. Eignin er skráð 200,3 m2, þar af einbýlishús 171,8 m2 og bílskúr 28,5 m2 og afhendist tilbúin til innréttinga samkvæmt skilalýsingu seljanda. Mikil lofthæð er í eigninni. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, geymslu, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. **V. 79,9 m.**



URÐARHOLT

54,5 m2, 2ja herbergja íbúð á 2. hæð við Urðarholt 4 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, forstofu, vinnuhol/geymslurými, baðherbergi, eldhús og stofu. Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega.

V. 29,9 m.



VOGATUNGA

305,8 m2 einbýlishús, í byggingu. Skv. skráningartöflu er eignin skráð 305,8 m2, þar af einbýlishús 262,4 m2 og bílskúr 43,4 m2 og afhendist á byggingastigi 5, tilbúin til innréttinga. Um er að ræða fallegt og vel skipulagt einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi og mikil lofthæð. **V. 94,9 m.**



TRÖLLATEIGUR

122,5 m2 þriggja herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi. Stæði í bílakjallara fylgir. Eignin er skráð íbúð 111 m2, geymsla 7 m2 og geymsla inn af bílageymslu 4,5 m2. Eignin skiptist í stofu, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og tvær geymslur í kjallara. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ. **V. 49,9 m.**



UGLUGATA

Rúmgóð 106,4 m2, þriggja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, sjónvarpshol, stofu, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi/þvottahús. Sérgeymsla er á jarðhæð. Hiti er í gangstéttum fyrir framan húsið, í bílastæðum og í aðkeyrslu. Lyfta gengur úr bílakjallara upp á allar hæðir hússins. **V. 51,6 m.**



EFSTALAND

Nýtt mjög glæsilegt fullbúið einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr og auka-íbúð á neðri hæð innst í botnlanga. Gott skipulag. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Stórt steypt bílaplan með snjóbræðslu. Eignin er skráð 374,2 m2 en stór gluggalaus rými á neðri hæðinni eru ekki í þeirri fermetratölu.
V. 176 m.



BERJABRAUT

Mjög fallegt heilsárshús á tveimur hæðum á steyptum grunni á fallegum útsýnisstað í landi Háls í Kjósarhreppi. Góð staðsetning í 30 mín akstursfjarlægð frá Reykjavík. Húsið er skrá 83,2 m2 en auk þess er ca.15 m2 hús við hlið hússins. Glæsilegt útsýni. Stór timburverönd. Lóðarleigusali sér um snjómokstur á svæðinu. **V. 39,9 m.**



EFSTIÁS


Efstiás 10 - Fallegt og vandað 77,5 m2 sumarhús með stórri verönd og heitum potti. **V. 31,9 m.**

Efstiás 18 - Vandað 60,6 m2 sumarhús í smíðum með stórri verönd og heitum potti. **V. 24,9 m.**



Skemmdarverk á nýja ærslabelgnum

Skemmdaverk voru unnin fyrstu helgina í september á nýjum ærslabelg Mosfellinga sem er staðsettur í Ævintýragarðinum. Ærslabelgurinn var tekinn í gagnið í júní síðastliðnum og er hluti af frekari uppbyggingu á því svæði. Kostnaður við ærslabelginn var 2,8 m.kr. með uppsetningu og því ljóst að tjónið er mikið. Skoðun hefur leitt í ljós að belgurinn sjálfur er ónýtur og er gert ráð fyrir að kostnaður við viðgerð á honum nemi um 1,5 m.kr. Málið er litið alvarlegum augum og eru foreldrar hvattir til að ræða við börn sín mikilvægi þess að ganga fallega og af virðingu um umhverfið okkar allra og sameign eins og ærslabelgurinn er. Hjálpumst öll að við að halda þeirri umræðu á lofti, leiðbeina börnunum okkar og skapa með því fallegri og enn betri bæ.



Ístex gefur út nýja prjónapók - Lopi 40

Ný prjónabók er komin út hjá Ístex, Lopi 40. Bókin inniheldur 22 nýjar uppskriftir, hún hefur að geyma fjölbreytta og fallega hönnun eftir Védísi Jónsdóttur. Vandaðar uppskriftir og sígild og flott hönnun Védísar hefur vakið eftirtekt prjónara út um allan heim. Ístex gefur árlega út handprjónabækur með fjölbreyttri hönnun undir nafninu Lopi. Bókin er fáanleg í öllum verslunum sem selja lopa. Ullarvinnslufyrirtækið Ístex kaupir ull beint frá bændum og vinnur úr henni band og margt fleira. Ullin er þvegin í þvottastöð Ístex á Blönduósi og er spunnin að Völuteigi í Mosfellsbæ. Ístex framleiðir handprjónaband úr íslenskri ull og má þar nefna Álafosslopa, Jöklalopa, Léttlopa og Plötulopa.

Jewells Chambers hlýtur jafnréttisviðurkenningu Mosfellsbæjar 2020

VEITIR INNSÝN Í LÍF FÓLKS AF ERLENDUM UPPRUNA

Jafnréttisviðurkenningu Mosfellsbæjar 2020 hlýtur Mosfellingurinn Jewells Chambers. Jewells er fædd og uppalin í Brooklyn í New York en flutti hingað til Íslands árið 2016. Hún er gift Gunnari Erni Ingólfssyni og búa þau saman hér í Mosfellsbæ. Jewells er verkfræðingur að mennt frá Rensselaer Polytechnic Institute og starfar sjálfstætt í dag.


JEWELLS CHAMBERS MEÐ JAFRÉTTISVIÐURKENNINGUNA

Vekur athygli á kynþáttahyggju og fordómum

Jewells hefur vakið athygli á kynþáttahyggju og fordómum sem byggjast á hörundslit fólks hér á Íslandi. Hún hefur meðal annars tekið áhugaverð viðtöl við einstaklinga sem eru af erlendu bergi brotnir, þar sem upplifun af því hvernig það er að tilheyra minnihlutahópi á Íslandi er lýst. Til að mynda vakti YouTube myndband þar sem hún og Tabitha Laker deila upplifun sinni af því hvernig er að vera þeldökkur einstaklingur á Íslandi mikla athygli á meðal almennings.

Jewells er afar virk á samfélagsmiðlum (Instagram, YouTube og Facebook) þar sem hún veitir innsýn inn í líf fólks af erlendum uppruna. Hún heldur úti heimasíðunni From Foreign to Familiar og er einnig með podcastið All Things Iceland. Mosfellingar eru hvattir til að fylgjast með öllu því áhugaverða sem hún er að gera.

Uppbyggilegt og réttlátt samfélag fyrir alla

Mosfellsbær fagnar fjölbreytileikanum og leggur áherslu á að stuðla að uppbyggilegu og réttlátu samfélagi fyrir alla, óháð uppruna. Með viðurkenningunni vill lýðræðis- og mannréttindanefnd Mosfellsbæjar hvetja íbúa Mosfellsbæjar sem og aðra til að gera slíkt hið sama.

Gerum jafnréttismálum hátt undir höfði og verum meðvituð um að koma fram við alla af virðingu, jákvæðni og umhyggju. Jewells sýnir aðdáunarverða framsækni og framlag hennar til okkar samfélags er mjög mikilvægt.

Rafrænn jafnréttisdagur Mosfellsbæjar

Vegna samkomutakmarkana ákvað lýðræðis- og mannréttindanefnd Mosfellsbæjar að jafnréttisdagur Mosfellsbæjar yrði rafrænn í ár.

Þar sem mikil umræða hefur skapast undanfarið um kynþáttafordóma og kynþáttahatur hérlendis og erlendis fannst nefndinni áhugavert að heyra hvernig einstaklingar af erlendum uppruna upplifa þessi mál.

Lýðræðis- og mannréttindanefnd fékk þær Aldísi Amah Hamilton, leikkonu og Sunnu Söshu Larosiliere, stjórnmálafræðing, til að segja frá því hvernig þær upplifðu það að alast upp hér á landi og hvar skórinn kreppir þegar kemur að fordómum.

Viðtölin við Aldísi og Sunnu og afhending jafnréttisviðurkenningar Mosfellsbæjar 2020 verða birt á samfélagsmiðlum Mosfellsbæjar; mos.is, á Instagram- og facebook síðu Mosfellsbæjar og Instagram síðu Mosfellings.

Lýðræðis- og mannréttindanefnd hvetur Mosfellinga eindregið til að fylgjast með því sem þær hafa að segja.

Á INSTAGRAM

Áhugasamir geta fylgst með þessum flottu konum á samfélagsmiðlinum Instagram: @aldisamah og @sunnasasha


SVALA, RÚNAR BRAGI OG UNNUR

Síðasti fjölskyldufundur Unnar V. Ingólfsdóttur

Lætur af störfum eftir 33 ára starf hjá bænum

Síðasti fundur fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar í umsjá Unnar V. Ingólfdóttur framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs var haldinn þriðjudaginn 15. september.

Unnur lætur af störfum eftir rúmlega 33 ár hjá Mosfellsbæ um næstu mánaðamót. Á fundinum var öldungaráð Mosfellsbæjar í heimsókn og fundurinn því táknrænn á þann hátt að Svala Árnadóttir fulltrúi í Öldungaráði sat síðasta fund Unnar en Svala sat jafnframt fyrsta fund Unnar þegar hún var nýráðin til Mosfellshrepps árið 1987.

Á myndinni er formaður fjölskyldunefndar Rúnar Bragi Guðlaugsson ásamt Svölu og Unni að loknum fundi.

KIRKJUSTARFIÐ


WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Sunnudagur 27. september
Guðsþjónusta og ferming kl. 11 í Mosfellskirkju. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir.

Sunnudagur 4. október
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13 í Lágafellskirkju. Sr. Arndís Linn og Bogi æskulýðsfulltrúi leiða.

Sunnudagur 11. október
Guðsþjónusta kl. 11 í Lágafellskirkju. Sr. Sigurður Rúnar Ragnarsson.

SÓKN Í SÓKN
– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!

www.lagafellskirkja.is

SUNNUDAGA-SKÓLINN
í Lágafellskirkju hefst 20. september kl. 13

SKRÁNING FERMINGAR-BARNA
vorið 2021 er rafræn og inn á heimasíðu kirkjunnar

ALVÖRU JEPPAR ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Jeep®

GOÐSÖGN KNÚIN RAFORKU

Lorem ipsum

JEEP PLUG-IN-HYBRID FORSALA

Jeep heldur áfram að vera tákn frelsis og ævintýra. Nú kynnum við nýja plug-in-hybrid jeppa, sem við bjóðum á frábæru forsöluverði.

Hlaðnir búnaði með alvöru fjórhjóladrifi (lágu drifi), bakkmyndavél, rafdrifnum leðursætum (Compass), rafdrifnum afturhlera (Compass), lykillausu aðgengi og ræsingu, hita í stýri og framsætum, 8,4" skjá og leiðsögukerfi, blindhornsvörn og bílastæðaaðstoð.

Skoðaðu rekstrarhagkvæma tvinn-jeppa, rafmagns og bensín, á forsöluverði á jeep.is



JEEP COMPASS LIMITED 4X4
5.999.000*

PLUG-IN-HYBRID

4xe



JEEP RENEGADE TRAILHAWK 4X4
5.499.000*

PLUG-IN-HYBRID

4xe

RAFMAGNAÐUR

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • JEEP.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

ISBAND

*Verð miðað við gengi USD 132, svartur Compass, hvítur Renegade, áætluð afhending í október 2020




Undirgöng fyrir hesta undir Reykjaveginn

Hafnar eru gatnaframkvæmdir á Reykjavegi á móts við Ísfugl. Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Mosfellsbæjar sem felur í sér að koma niður undirgöngum fyrir hestaumferð undir Reykjaveginn ásamt endurmótun aðliggjandi stíga og umhverfis. Á meðan á framkvæmdum stendur er nauðsynlegt að beina umferð um hjáleið, þar sem Reykjavegurinn verður grafinn í sundur. Áætluð verklok eru í nóvember. Mosfellsbær biður vegfarendur að sýna framkvæmdaraðilum tillitssemi.



Ný samgöngustígur í Ævintýragarðinn

Á fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 10. september var samþykkt að hefja vinnu við fyrsta áfanga á nýjum fimm metra breiðum samgöngustíg í Ævintýragarði Mosfellinga, ásamt endurnýjun lagna að Varmárræsi í samræmi við fráveituáætlun Mosfellsbæjar. Stígurinn er stofnstígur í gegnum Ævintýragarðinn með tengingum við Háholt og Leirvogstunguhverfi og er hluti af samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Mosfellsbær er framkvæmdaraðili en ríkið fjármagnar sjálfan samgöngustíginn í samræmi við áherslur sínar um að hefja strax framkvæmdir við fullhönnuð mannvirki til að auka atvinnu í landinu.



Innleiða barnasáttmálann í Mosfellsbæ

Samþykkt bæjarráðs Mosfellsbæjar liggur fyrir um þátttöku Mosfellsbæjar í verkefninu Barnvænt Ísland í samstarfi við félagsmálaráðuneytið og UNICEF. Verkefnið felst í því að Mosfellsbær innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hann sé nýttur sem verkfæri við alla stefnumótun og þróun þjónustu þannig að sérstakt tillit verði tekið til barna í allri starfsemi sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir því að Mosfellsbær hefji innleiðingu í byrjun næsta árs og að innleiðingin standi yfir í tvö ár frá mars 2021-2023. Að þeim tíma loknum ætti bærinn að geta hlotið viðurkenningu UNICEF sem barnvænt sveitarfélag. Lýðræðis- og mannréttindanefnd Mosfellsbæjar mun gegna mikilvægu hlutverki í þessu verkefni í samvinnu við aðrar nefndir og starfsmenn Mosfellsbæjar.



BERGHOLT 10

Guðlaug Helga Hálfdánardóttir og Ásbjörn Þorvarðarson fá viðurkenningu fyrir fallegan og fjölskrúðugan garð að Bergholti 10 sem sinnt hefur verið af mikilli natni um langt skeið.



EINITEIGUR 4

Guðlaug Anna Ámundadóttir og Snorri Böðvarsson fá viðurkenningu fyrir sérlega fallegan og vel skipulagðan garð að Einiteig 4 þar sem lögð er áhersla á fallegt umhverfi og tengingu við náttúruna í kring.



LITLIKRIKI 68

Ragnhildur Sigurðardóttir og Jón Andri Finnsson fá viðurkenningu fyrir fallegan og vel skipulagðan garð að Litlakrika 68 þar sem lögð er áhersla á frumlega hönnun og tengingu við náttúruna.







Viðurkenningar fyrir fallegt umhverfi • Skógræktarfélagið heiðrað auk þriggja garða

UMHVERFISVIÐURKENNINGAR MOSFELLSBÆJAR 2020 VEITTAR

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar veitti á dögunum árlegar umhverfisviðurkenningar. Viðurkenningarnar eru veittar þeim aðilum sem taldir eru hafa skarað fram úr í umhverfismálum.



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Bjartur Steingrímsson formaður umhverfisnefndar, Kristín Ýr Pálmarsdóttir varaformaður og Björn Traustason formaður Skógræktarfélags Mosfellsbæjar.

SKÓGRÆKTARFÉLAG MOSFELLSBÆJAR

Félagið fær viðurkenningu fyrir góð störf að skógræktarmálum í Mosfellsbæ um margra ára skeið. Skógræktarfélagið hefur áratugum saman unnið óeigingjarnt starf við skógrækt í Mosfellsbæ með uppbyggingu fallegra skógarlunda og útivistarsvæða og þannig stuðlað að fallegra umhverfi í bænum og aukinni útivist og heilsurækt íbúa.

„Við erum gríðarlega þakklát fyrir þessa viðurkenningu og fyllumst stolti. Þetta hvetur okkur svo sannarlega til að halda áfram á sömu braut," segir Björn Traustason formaður skógræktarfélagsins en viðurkenningin var veitt í Hamrahlíð, glæsilegu útivistarsvæði Mosfellinga.

Til stóð að aðalfundur Skógræktarfélags Íslands yrði haldinn með mikilli dagskrá í Hlégarði í byrjun september. Vegna sóttvarnarreglna og fjöldatakmarkana þurfti því miður að fresta honum og þeirri dagskrá sem búið var að undirbúa í tilefni 90 ára afmæli félagsins.



Þættirnir Heima með Helga slógu eins og frægt er orðið í gegn þegar COVID 19 reið fyrst yfir landið á vordögum. Þrátt fyrir nafnið voru þættirnir ekki teknir upp heima hjá Helga Björnssyni sjálfum, heldur var tökustaðurinn Hlégarður, félagsheimili Mosfellinga, sem er nú orðinn félagsheimil þjóðarinnar.

Þar tók Helgi á móti fjölda listamanna sem var ekki aðeins ánægjulegt fyrir áhorfendur heldur einnig fyrir listamennina sem hafa ekki farið varhluta af áhrifum COVID.

Þessa dagana standa yfir upptökur á nýjum sjónvarpsþætti „Það er kominn Helgi" og er Hlégarður aftur vettvangurinn. Það er ánægjulegt að Hlégarður hafi fengið þetta nýja hlutverk tímabundið. Þetta hefur í för með sér að næstu vikurnar er húsið undirlagt fyrir æfingar og upptökubúnað.

Þegar líður á haustið standa vonir til þess að hægt verði að hefja fyrsta áfanga endurbóta sem meðal annars fela í sér endurnýjun gólfefna. Því má gera ráð fyrir að ekki verði unnt að halda viðburði í Hlégarði fyrr en á nýju ári að upptökum og endurbótum loknum.


Leikskólagjöld í Mosfellsbæ lækka um 5%

Samkvæmt fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árin 2020-2023 lækkuðu leikskólagjöld um 5% þann 1. ágúst. Lækkunin styður við stefnu bæjarins um eflingu fræðslu- og frístundastarfs með áherslu á heilsueflingu og lífsgæði íbúa bæjarins. Lækkunin er jafnframt í samræmi við þá stefnumörkun sem birtist í lífskjarasamningnum sem byggist á samstarfi verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og stjórnvalda um að halda gjöldum hóflegum. Leikskólagjöld lækkuðu einnig um 5% árið 2019 og er þetta því önnur lækkunin á tveimur árum. Frístundaávísunin hækkaði einnig 16. ágúst og 5 ára börn bætast við.



SAMGÖNGUVIKA Í MOSFELLSBÆ

16.–22. SEPTEMBER 2020




#samgönguvika
#mobilityweek

NÁNARI DAGSKRÁ Á
WWW.MOS.IS/SAMGÖNGUVIKA

VELJUM GRÆNU LEIÐINA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið



Berglind gefur út sína þriðju matreiðslubók

Berglind Hreiðarsdóttir var að gera sínu þriðju matreiðslubók. „Bókin heitir Saumaklúbburinn og hefur að geyma yfir 140 frábærar uppskriftir sem henta við ýmis tækifæri. Auk hefðbundinna uppskrifta eru settir fram tíu mismunandi saumaklúbbar hjá frábærum konum í kringum mig svo allir ættu að geta fundið hugmyndir og uppskriftir við hæfi.“



Berglind gerði matreiðslubókina frá A-Ö, hannaði uppskriftir, tók allar ljósmyndir og sá um hönnun og umbrot. „Þetta voru mín fyrstu skref í umbroti og hefur ferðalagið frá hugmynd að prentun því verið heilmikill skóli, skóli sem er hvergi nærri lokið því nú taka markaðs- og sölumál við. „Fátt er betra á tímum sem þessum en að hafa það huggulegt og útbúa góðar veitingar fyrir fólkið í kringum okkur,“ segir Berglind en bókin er að detta í verslanir. Berglind heldur úti vinsælli vefsíðu, Gotterí.is, þar má nálgast nýju bókina og hafsjó af fróðleik um matargerð.

Karóki, bingó, Sunnudjass, PubQuiz og lifandi tónlist • Snertilaus afgreiðsla í boði

STAÐIÐ FYRIR VIKULEGUM VIÐBURÐUM Á BARION

Barion í Mosó hefur heldur betur stimplað sig inn í bæjarfélagið frá því að staðurinn opnaði í desember á síðasta ári. Fyrir utan mat og drykk er staðið fyrir vikulegum viðburðum á staðnum.

„Mosfellingar hafa tekið þessum uppákomum okkar vel og við erum rétt að byrja. Vegna samkomutakmarkana þurftum við eðlilega að draga úr skemmtidagskránni en nú erum við að fara á flug á ný. Við höfum fest í sessi nokkra dagskrárliði sem fólk kann vel að meta, eins og hópakarókí með Siggu Kling þar sem allur salurinn syngur saman, spurningakeppni með Steinda Jr. þar gestir svara í gegnum símann sinn, risabingó þar sem vinningar fara yfir hálfa milljón, djass og fjölbreytta lifandi tónlist,“ segir Simmi Vill.

Frítt inn - félagsheimili fullorðna fólksins

„Mosfellingar og nærsveitungar hafa tekið okkur fagnandi, það kunnum við vel að meta og við viljum einmitt hafa hverfisstaðinn okkar lifandi í takt við þarfir íbúanna, félagsheimili fullorðna fólksins.

Haustið verður viðburðaríkt og eru mosfellskir listamenn áberandi næstu vikurnar en Stefanía Svavars, Maggi Hafdal og Biggi Haralds eru væntanleg á svið sem og bingóstjóri Mosfellsbæjar Hilmar Gunnarsson sem jafnframt er orðinn viðburðastjórinn okkar hér á Barion. Fram undan er einnig Októberfest, hrekkjavaka og margt fleira sem okkur á eftir að detta í hug. Frítt er inn á viðburðina.

Við erum að fara af stað með endurbættan matseðil auk þess sem nú er Happy Hour á hverjum degi kl. 16-18.

Við erum alltaf opin fyrir hugmyndum um skemmtilegar uppákomur og er hægt að senda okkur póst á barion@barion.is.“

Snertilaus afgreiðsla til framtíðar


Barion hefur tekið upp snertilausar lausnir sem gera viðskiptavinum kleift að panta veitingar með sínum eigin síma. Kerfið nefnist eTag og er einfalt í notkun enda flestallir með símann við höndina. Gestir panta frá sínu borði og fá matinn afhentan skömmu síðar án þess að þurfa að vera í sérstökum samskiptum við þjóna og afgreiðslufólk.

„Þetta sparar tíma, bætir þjónustu og hagræðir í rekstri. Þannig getum við boðið upp á háklassamat á mjög sanngjörnu verði,“ segir Simmi Vill en sjálfsafgreiðslan hefur hentað ákaflega vel á þessum tímum.



VILLI OG SIMMI VILL Á BARION MEÐ SNERTILAUSAR LAUSNIR





DAGSKRÁ NÆSTU VIKURNAR

- **Laugardagur 19. september** Trúbadorakvöld með Magga Hafdal
- **Sunnudagur 20. september** SunnuDjass með Stefaníu Svavars
- **Fimmtudagur 24. september** Risa BINGÓ með risa vinningum
- **Laugardagur 26. september** Creedence-kvöld með CCR bandinu
- **Föstudagur 2. október** Hópakarókí með Siggu Kling

ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • **FRAM UNDAN Í STARFINU**



DANS, DANS, DANS

Dansinn hjá Auði Hörpu byrjaði **miðvikudaginn 2. sept. kl 14:15 og er kenndur í íþróttahúsinu Varmá alla miðvikudaga.** Þar er auðvelt að halda öllum settum sóttvarnarreglum og takmörkununum. Dansinn hentar jafnt körlum sem konum. Enn eru laus pláss fyrir fleiri. Hlökkum til að sjá ykkur.





VILTU KOMA Í LÍTINN HÓP OG ÆFA ÞIG Í AÐ TALA ENSKU?

Okkur í félagsstarfinu langar að leiða saman fólk sem vill þjálfa sig í að tala ensku saman. Flest kunnum við eitthvað í ensku en æfum það lítið og gaman að geta styrkt það. Hugsunin er að mynda lítinn samheldinn hóp og hittast reglulega og æfa talmálið ensku. Þeir sem hafa áhuga á að vera með endilega hafið samband við okkur í félagsstarfinu í síma 586-8014/ 6980090

POSTULÍNSNÁMSKEIÐ

hjá Kolfinnu Guðmundsdóttur

Postulínskennsla **byrjar 1. okt.** Kennt verður á fimmtudögum kl. 13.00 til 16.00, kr. 2.500 skiptið. Innifalið í verði eru litir, brennsla og kennsla. ***Skráning í handverksstofu eða á elvab@mos.is eða í síma 586-8014/6980090***

LEIKFIMI

fyrir eldri borgara Eirhömrum

Leikfimin hjá Karin Mattson á Eirhömrum er byrjuð. Takmarkað húsrúm og 1 metra reglan í gildi. Fimmtudagar 10:45 og 11:15. Leikfimin hentar öllum jafn byrjendum sem lengra komin og er ókeypis.



ATHUGIÐ

Nýjar demantamyndir eru komnar til okkar í félagsstarfið, endilega komið og kíkið á okkur milli kl. 13:00-16:00 á Eirhömrum.



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.



FÉLAG ALDRAÐRA
í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Ingólfur Hrólfsson formaður
s. 855 2085 *ihhj@simnet.is*

Úlfhildur Geirsdóttir varaformaður
s. 896 5700 *bruarholl@simnet.is*

Margrét Ólafsdóttir gjaldkeri
s. 863 3359 *margretjako@gmail.com*

Snjólaug Sigurðardóttir ritari
s. 897 4734 *snjolaugsig@simnet.is*

Kristbjörg Steingrímsdóttir meðstjórnandi
s. 898 3947 *krist2910@gmail.is*

Jóhanna B. Magnúsdóttir 1. varamaður
s. 899 0378 *hanna@smart.is*

Bragi Bergmann Steingrímsson
2. varamaður *bbergman@hive.is*

September í Lágafellssókn



Hefst aftur 20. september kl. 13
í Lágafellskirkju.
Krakkarnir fá fjársjóðskistu og
mynd í gjöf frá kirkjunni.
Umsjón: Bogi, Petrína og Þórður.
Allir velkomnir!

Fyrir 8. – 10. bekk

ÓSOM

Æskulýðsstarfið

Þriðjudaga kl. 20
í safnaðarheimilinu
Þverholti 3, 2. hæð.
Allir hressir unglingar
velkomnir!

Mosfellsprestakall
Lágafellssókn

Aðalsafnaðarfundur Lágafellssóknar

Þriðjudaginn 22. september kl. 20 í safnaðarheimilinu á 3. hæð Þverholti 3, Mosfellsbæ.
Venjuleg aðalfundarstörf.



FERMATA

Kór fyrir fólk á aldrinum 14 - 30 ára. Æfingar í Lágafellskirkju á þriðjudögum kl. 18 – 19:30. Kórinn syngur létt og skemmtileg lög og geta kórmeðlimir haft gríðaleg áhrif á lagaval í kórnum.
Umsjón: Þórður Sigurðsson organisti.

Nánari upplýsingar um safnaðarstarfið er að finna á lagafellskirkja.is
...og endilega fylgist með okkar á samfélagsmiðlum

NÝIR GRÆNMETISRÉTTIR
Í BÓNUS



498 kr./400 g

Bónus Austurlenskur
Grænmetisréttur - 400 g



679 kr./400 g

Bónus Indverskt Dahl
Grænmetisréttur - 400 g



759 kr./400 g

Bónus Chili Sin Carne
Grænmetisréttur - 400 g



679 kr./400 g

Bónus Mexíkóskur
Grænmetisréttur - 400 g





SKÁLIN OKKAR ER ÚR ENDURUNNU PLASTI.
HÚN ER AÐ SJÁLFSÖGÐU ENDURVINNANLEG ÁFRAM.

Verð gildir til og með **30. september** eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS

það munar um minna



1.298 kr./1,2 kg

Bónus Réttur Mánaðarins
Hakkbollur í brúnni sósu og kartöflumús



1.198 kr./1 kg

Bónus Réttur
Plokkfiskur



1.298 kr./1 kg

Bónus Réttur
Bolognese Kjötsósa



2.298 kr./1 kg

Bónus Réttur
Lamb í Karrísósu



1.598 kr./pk.

Bónus Tilbúnar Súpur
allar tegundir

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi og Skeifunni: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00



Síðasti markaður sumarsins í dalnum

Markaðurinn í Mosskógum í Mosfellsdal sem opinn er á laugardögum hefur gengið vel í sumar þrátt fyrir óvenjulegt ástand. Passað hefur verið upp á að framfylgja öllum sóttvarnarreglum og hefur oft á tíðum myndast löng biðröð vegna fjöldatakmarkana. Aðdáendur markaðarins hafa ekki látið það stoppa sig í að mæta og njóta þess sem Mosskógar hafa upp á að bjóða. Næsta laugardag 19. september verður síðasti markaður sumarsins en opnunartími er kl. 10-15. Mikið úrval er af fersku og nýuppteknu grænmeti ásamt öðrum varningi.

Undirbúa íbúabyggð í landi Blikastaða

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu um skipan stýrihóps og rýnihópa vegna undirbúnings þróunar-, skipulags- og uppbyggingarvinnu vegna Blikastaðalands. Hlutverk hópanna er að rýna forsendur, áherslur og tillögur á mismunandi stigum í ferlinu þannig að þær falli sem best að stöðu, framtíðarsýn og stefnu Mosfellsbæjar. Í samráði við hópana verður leitast við að tryggja að fjallað verði um allar viðeigandi forsendur og áhrif á umhverfi og samfélag sem og efnahag sveitarfélagsins.



Vetrarstarf Kammerkórsins að hefjast

Kammerkór Mosfellsbæjar er að hefja vetrarstarf sitt og getur bætt við sig söngfólki í allar raddir. Vetrardagskráin er að venju spennandi og fjölbreytt. Kórinn er áhugamannakór sem hefur tekist á við fjölbreytta tónlist úr ýmsum áttum, allt frá endurreisnartímanum fram til nútímans, jafnt sígild verk sem dægurlög og allt þar á milli. Árið 2014 sendi kórinn frá sér hljómdiskinn Mitt er þitt og fékk hann mjög góðar viðtökur. Æfingar eru á miðvikudagskvöldum og til að byrja með verður æft í Mosfellskirkju, þar sem unnt er að tryggja nægilegt bil á milli kórfélaga. Þegar takmarkanir í samkomubanni verða rýmkaðar verða æfingar í Listaskóla Mosfellsbæjar eins og verið hefur til margra ára. Kammerkór Mosfellsbæjar hefur starfað í átján ár undir stjórn Símonar H. Ívarssonar, tónlistarmanns í Mosfellsbæ. Þau sem hafa áhuga á að slást í hópinn geta haft samband við kórstjórann í síma 895-7634 eða á netfanginu simoni@simnet.is.

Sigurður Rúnar snýr aftur sem þriðji prestur • Nýr rekstrarstjóri og æskulýðsfulltrúi

Nýtt starfsfólk í Lágafellssókn

Sigurður Rúnar Ragnarsson mun gegna stöðu sem þriðji prestur í Mosfellsprestakalli til júní 2021. Hann er fyrrverandi sóknarprestur í Norðfjarðarprestakalli. Hann vígðist til Mosfellsprestakalls og Lágafellssóknar sem prestur vorið 1998 og starfaði við Lágafellssókn frá vígslu til júní 1999 er hann fékk Norðfjarðarprestakall.

Hér í Mosfellsbæ var hann búsettur frá árinu 1978 til ársins 1999. Hann hefur undanfarið ár, vegna breytinga á prestaköllum á Austfjörðum, verið í sérþjónustu á Biskupsstofu og gegnt ýmsum störfum við prestaköllin á Austurlandi.

Eiginkona Sigurðar Rúnars er Ragnheiður Hall og eiga þau þrjú börn, Ragnar Árna, Þóru Kristínu og Katrínu Halldóru.


SIGURÐUR RÚNAR


ODDNÝ SIGRÚN


BOGI

Oddný Sigrún nýr rekstrarstjóri

Í byrjun árs tók til starfa nýr rekstrarstjóri Lágafellssóknar, Oddný Sigrún Magnúsdóttir. Hlutverk rekstrarstjóra er daglegur rekstur og bókhald Lágafellssóknar. Oddný Sigrún er viðurkenndur bókari og hjúkrunarfræðingur að mennt. Síðustu 20 ár hefur hún rekið sitt eigið fyrirtæki ásamt manni sínum.

Nýr æskulýðsfulltrúi

Nýr æskulýðsfulltrúi tók til starfa í byrjun september og heitir hann Bogi Benediktsson. Bogi mun hafa umsjón með æskulýðsstarfi Lágafellssóknar, sunnudagaskólanum kl. 13 og unglingastarfinu á þriðjudögum kl. 20. Einnig hefur hann umsjón með kirkjugörðum Lágafellssóknar og sér um heimasíðu og samfélagsmiðla. Allar nánari upplýsingar um starfsemi kirkjunnar má finna á www.lagafellskirkja.is

Nýr vefur tileinkaður handbolta • Ívar Benediktsson íþróttafréttamaður ritstýrir

Handbolti.is kominn í loftið

Þann 3. september opnaði vefurinn Handbolti.is. Vefurinn er gefinn út af Snasabrún ehf, sem er í eigu Mosfellinganna Ívars Benediktssonar blaðamanns og Kristínar B. Reynisdóttur sjúkraþjálfara.

Ívar er ritstjóri og ábyrgðarmaður. Hann var í hartnær aldarfjórðung íþróttafréttamaður hjá Morgunblaðinu og mbl.is og fylgdist á þeim tíma grannt með handknattleik, jafnt innanlands sem utan.

Öflugur fréttaflutningur af handbolta

„Það urðu breytingar í vinnu hjá mér, mér var sagt upp störfum hjá Morgunblaðinu og þar af leiðandi var ég atvinnulaus. Það höfðu margir haft á orði við mig að fara af stað með miðil tengdan handboltanum og ætli mig hafi ekki bara alltaf vantað þor til þess að stíga þetta skref," segir Ívar.

„Handbolti.is mun halda úti öflugum fréttaflutningi af handknattleik, bæði innanlands og utan, af þeirri íþrótt sem hefur sameinað þjóðina á ótal gleðistundum í gegnum tíðina."

„Auk fregna af innlendum og erlendum vettvangi og landsliðum Íslands í öllum aldursflokkum er ætlunin að vera með fingur á púlsi fjölmenns hóps íslensks handknattleiksfólks og þjálfara sem starfa utan landssteina Íslands. Og ekki stendur til að gleyma dómurunum.

Handbolti.is verður opinn fyrir skoðunum þeirra sem að íþróttinni koma og vilja viðra á opinberum vettvangi. Ýmislegt fleira er í bígerð," segir Ívar en vefinn hannaði Daníel Rúnarsson hjá Kasmir vefhönnun og merki vefjarins teiknaði Mosfellingurinn Pétur Baldvinsson.


ÍVAR OG STÍNA LÁTA HENDUR STANDA FRAM ÚR ERMUM

Góðar viðtökur

Vefurinn hefur fengið frábærar viðtökur en um þessar mundir er allt að fara í gang í handboltanum. „Við höfum fengið mjög góð viðbrögð, erum að fá skilaboð og pósta frá fólki úr öllum áttum sem er þakklátt fyrir þetta framtak og vilja jafnvel leggja vefnum lið á margan hátt allt frá því að kaupa auglýsingar, skaffa mér myndir og aðstoða mig á allan hátt.

Það er okkur mjög mikilvægt að fá þessi viðbrögð og hvetur okkur til dáða að halda áfram. Auk þess að vera með vefsíðuna þá erum við líka á Instagram, Twitter og Facebook," segir Ívar að lokum og hvetur alla sem áhuga hafa á handbolta til að fylgjast með.

Samdráttur í tekjum • Aðhaldsaðgerðir og aukin lánsfjármögnun • Tímabundið ástand

Áhrif COVID 19 á fjárhag Mosfellsbæjar

Yfirstandandi heimsfaraldur mun hafa margháttuð áhrif á fjárhag sveitarfélaga og Mosfellsbær verður engin undantekning í þeim efnum.

Samdráttur í tekjum vegna aukins atvinnuleysis og minnkandi efnahagslegra umsvifa mun að óbreyttu kalla á aðhaldsaðgerðir og aukna lánsfjármögnun. Þá má gera ráð fyrir því að útgjöld aukist á einhverjum sviðum en þau áhrif eru ekki að fullu komin fram.


Haraldur Sverrisson bæjarstjóri

Gert ráð fyrir fyrir halla í rekstrinum

„Fjárhagsáætlanir Mosfellsbæjar síðustu árin hafa miðað við að reksturinn skili hóflegum afgangi til að mæta fjárfestingum sem meðal annars stafa af vexti sveitarfélagsins og almennri eflingu innviða sveitarfélagsins," segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

„Í ár var gert ráð fyrir 340 m.kr. afgangi en staðan á miðju ári bendir til þess að afkoman verði umtalsvert lakari og sveitarfélagið verði rekið með halla.

Þjónusta Mosfellsbæjar er mikilvæg nærþjónusta sem snertir alla íbúa á hverjum degi og það er forgangsverkefni að vinna að því að þessi tímabundna niðursveifla hafi ekki neikvæð áhrif á þjónustu við íbúa. Til þess að það gangi eftir þurfa starfsmenn, kjörnir fulltrúar, nefndarmenn og stjórnendur sveitarfélagsins að sýna í senn framsækni og umhyggju."

Nálgast aðhaldsaðgerðir með jákvæðni

„Við búum yfir nálægri reynslu frá bankahruninu um það hvað gekk vel og hvað gekk síður við aðstæður sem mæta okkur óvænt og hratt. Við verðum því að nálgast verkefni næstu mánaða af virðingu við þá sem treysta á þjónustu sveitarfélagsins og við sem störfum fyrir sveitarfélagið þurfum að nálgast aðhaldsaðgerðir með jákvæðni að leiðarljósi í trausti þess að ástandið sé tímabundið.

Staðan nú er líka um margt ólíkt bankahruninu sem var annarrar gerðar. Má þar nefna að verðbólgan hefur ekki farið af stað svo nokkru nemi enn sem komið er og vaxtakjör eru með besta móti í sögulegu ljósi og þessir þættir vinna með okkur öllum," segir Haraldur.

SEPTEMBER

FYLGSTU MEÐ DAGSKRÁNNI Á FACEBOOK.COM/KEILUHOLLIN

FIM. **17. SEPTEMBER** KL. **21:00**

PÖBB QUIZ MEÐ HELGA & HJÁLMARI

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-22:30
Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is



FIM. **24. SEPTEMBER** KL. 21



RISA FULLORÐINS BINGÓ SVEPPA

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-22:30

FÖS. **25. SEPTEMBER** KL. **21**



SING ALONG

GUÐRÚN ÁRNÝ

ÖLL VINSÆLUSTU LÖGIN
OG ÓSKALÖG ÚR SAL

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-22:30
Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is

FIM. **01. OKTÓBER** KL. **21**

DR. FOOTBALL

HJÖBB QUIZ



STÓRSKEMMTILEGT FÓTBOLTA-QUIZ HJÖRVARS HAFLIÐA
Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is
HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-22:30

DJ. DÓRA JÚLÍA DJ. DÓRA JÚLÍA DJ. DÓRA JÚLÍA DJ. DÓRA JÚLÍA DJ. DÓRA JÚLÍA DJ. DÓRA JÚLÍA DJ.

FÖS. **18. SEPT.** KL. **21:00**



LAU. **19. SEPT.** KL. **21:00**

SVERRIR BERGMANN & HALLDÓR FJALLABRÓÐIR

BREKKUSÖNGUR



FRÍTT INN

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-22:30
FIMMTUDAGA FÖSTUDAGA LAUGARDAGA

BOLTATILBOÐ Í GANGI Á ÖLLUM LEIKJUM Í BEINNI

12" PIZZA MEÐ TVEIMUR ÁLEGGJUM 1.990 KR. EÐLAN MEÐ NACHOS 1.890 KR. **BONELESS WINGS 10-12 STK. (FER EFTIR STÆRÐ) 2.490 KR.** KJÚKLINGAVÆNGIR 20 STK. KRISPÝ EÐA HEFÐBUNDNIR 2.490 KR. **STÓR Á KRANA 990 KR.** GOS MEÐ ÁFYLLINGU 290 KR.

s. 5 11 53 00
NÚ GETUR ÞÚ BÓKAÐ BRAUT Á NETINU
keiluhollin.is

Keiluhöllin EGILSHÖLL

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
EFTIR KEILU OG PIZZU ER TILVALIÐ AÐ FARA Í BÍÓ

OPIÐ: MÁN - MIÐ: 16-22 FIM & FÖS: 16-23 LAU: 11-23 SUN: 11-22



Rafrænn opinn fundur á þriðjudaginn

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar hefur hafið undirbúning vinnu við stefnumótun í málaflokki fatlaðs fólks. Fyrirhugað var að hafa opinn íbúafund síðastliðið vor í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar en vegna Covid-19 þurfti að fresta þeim fundi. Nú hefur verið ákveðið að halda fundinn með breyttu sniði og verður hann haldinn þriðjudaginn 22. september kl. 17.00-18.30. Hið breytta snið þýðir að fundurinn verður rafrænn og munu fundarmenn því mæta á fundinn í gegnum sínar tölvur eða síma. Skráning á fundinn stendur yfir í gegnum heimasíðu Mosfellsbæjar þar sem fundargestir velja sér einn áhersluþátt til að fjalla um á fundinum. Mosfellsbær vill hvetja alla sem láta sig málefni fatlaðs fólks varða, svo sem fatlað fólk, aðstandendur fatlaðra barna eða þá sem vinna með fötluðu fólki að taka þátt í fundinum og hafa áhrif á þær tillögur og hugmyndir sem unnið verður með við stefnumótun í málaflokknum.



Nýr framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar réði Sigurbjörgu Fjölnisdóttir í starf framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs á fundi sínum þann 2. september og mun hún taka við starfinu 1. október næstkomandi. Sigurbjörg er með BA og Cand. psych. gráðu í sálfræði og hefur lokið MPA námi í opinberri stjórnsýslu frá HÍ. Sigurbjörg er í dag verkefnastjóri gæða- og þróunarmála á fjölskyldusviði Mosfellsbæjar en starfaði áður hjá Reykjavíkurborg sem deildarstjóri stuðningsþjónustu á velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Sigurbjörg tekur við af Unni V. Ingólfsdóttur sem gegnt hefur starfinu síðustu 33 ár.



Kórónuveirusmit í leikskóla í Mosfellsbæ • Margir í sóttkví • Enginn alvarlega veikur

Sex smituðust á Huldubergi - starfið að komast í eðlilegt horf

Kórónuveirusmit greindist á leikskólanum Huldubergi í ágúst. Í kjölfarið var leikskólanum lokað í tvær vikur og allt starfsfólk, öll börn og þeir foreldrar sem höfðu haft bein samskipti við leikskólann fóru í tveggja vikna sóttkví.

„Um leið og smitið kom upp voru allir sem höfðu einhver tengsl við leikskólann sendir í sóttkví. Smitrakningarteymið sá um verklagið í samráði við starfsfólks skólans," segir Þuríður Stefánsdóttir leikskólastjóri en í heildina smituðust sex manns, bæði starfsfólk og börn, en sem betur fer veiktist enginn alvarlega.



LEIKSKÓLINN HULDUBERG VAR LOKAÐUR Í TVÆR VIKUR

Seinkun á aðlögun

Leikskólinn opnaði aftur mánudaginn 3. september og starfsemin er að færast í eðlilegt horf. Áður en skólinn opnaði kom sérhæft ræstingafyrirtæki og sótthreinsaði allt innan Huldubergs.

„Skólastarfið hefur farið vel af stað, það var góð mæting bæði hjá börnum og starfsmönnum strax frá fyrsta degi. Það voru allir rosa glaðir að byrja aftur eðlilega rútínu og gott að hittast aftur.

Þegar smitið kom upp var aðlögun nýrra barna í fullum gangi en það ferli riðlaðist í kjölfarið. Það má eiginlega segja að aðlöguninni hafi seinkað um þrjár vikur."

Erfitt fyrir alla aðila

„Þetta ferli er búið að vera gífurlega erfitt og það er flókið þegar heill leikskóli fer í sóttkví, sérstaklega á þessum árstíma. Þetta getur því miður komið upp alls staðar og er erfitt fyrir alla aðila.

Í heildina gekk þetta allt vel og mig langar að lokum að taka fram hvað allir, börn, foreldrarnir og starfsfólk, tókust á við þetta af æðruleysi," segir Þuríður og hún vonar að nú geti vetrarstarfið á Huldubergi farið eðlilega af stað.

Skimaðir hafa verið 25.800 fm í 10 mannvirkjum • Orbicon og Efla önnuðust skimanir

Úttekt og heildarskimun á skólahúsnæði og loftgæðamælingar í höfn

Bæjarstjórn ákvað á síðasta ári að leggja til að umhverfissviði Mosfellsbæjar yrði falið að láta framkvæma skoðun á öllu skólahúsnæði Mosfellsbæjar með tilliti til rakaskemmda og hugsanlegs örveruvaxtar þeim tengdum þeim. Enn fremur var samþykkt að framkvæma reglulegar loftgæðamælingar.

Í kjölfar verðfyrirspurnar í júní 2019 samþykkti bæjarráð að semja við tvo lægstbjóðendur sem voru Orbicon og Efla Verkfræðistofa. Mannvirkjunum var skipt milli fyrirtækjanna eins og sjá má sjá í meðfylgjandi töflu.

ORBICON
Íþróttamiðstöðin Lágafelli
Hulduberg leikskóli
Höfðaberg leikskóli
Leirvogstunguskóli
Hlíð leikskóli
Hlaðhamrar leikskóli
Reykjakot leikskóli

EFLA
Krikaskóli
Lágafellsskóli
Íþróttamiðstöðin Varmá



SKÓLAR OG ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ AÐ VARMÁ

Úrbótatækifæri til staðar

Samantektir umhverfissviðs vegna skimunar Orbicon og Eflu á skólahúsnæði Mosfellsbæjar og úttektarskýrslurnar sjálfar voru lagðar fram til kynningar í bæjarráði og í fræðslunefnd á dögunum ásamt áætlunum um úrbætur sem byggja á greiningu og tillögum ráðgjafa bæjarins um forgangsröðun úrbóta.

Í heild voru til skoðunar 25.800 fermetrar í 10 mannvirkjum og reyndist húsnæðið í það heila tekið í góðu ásigkomulagi samkvæmt skýrslum úttektaraðila en eins og alltaf þá eru til staðar úrbótatækifæri.

Úrbótatækifæri í skólahúsnæði Mosfellsbæjar tengjast annars vegar skilum á sambyggðum mannvirkjum þar sem ólíkir byggingaráfangar mætast og hins vegar í votrýmum eins og búningsklefum og eldhúsum. Þá má bæta loftun og auka þrif á nokkrum stöðum sem er þáttur sem skilgreina má sem úrbótatækifæri við rekstur húsnæðisins.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Mosfellsbæ en allar skýrslur úttektaraðila eru aðgengilegar á vef Mosfellsbæjar.

MOSFELLSBÆR

Fellin eru opin og aðgengileg öllum.

Nánari upplýsingar á mos.is/utivist

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Mosfellsbær
vellíðan fyrir alla

-"Pay as you wish!"-

OPNUNARTILBOÐ

MÁN - MIÐ - FÖS
10:00 - 11:00
- fjölskyldur, foreldrar með börn

ALLA VIRKA DAGA
10:00 - 12:00
- atvinnuleitendur, einstaklingar á milli starfa



Opið alla daga 10 - 20
Kaffi Áslákur | Háholti 7

Passamyndir

Við bjóðum upp á
myndatöku fyrir vegabréf,
ökuskírteini, ferilskrár,
starfsmannaskírteini og fleira,
bæði fyrir einstaklinga
og fyrirtæki.



Myndó.is
ljósmyndastofa

Þverholti 5 - 270 Mosfellsbæ
Pantanir í síma:
8981744 eða á myndo@myndo.is


FRAM UNDAN Á BARION

Enski boltinn alltaf í beinni - fylgstu með á Facebook og Instagram



— **19. SEPT** **TRÚBADORAKVÖLD MEÐ MAGGA HAFDAL**

Maggi Hafdal mætir með gítarinn á laugardagskvöldið og syngur alla helstu partý-slagarana í bland við óskalög gesta.
Lifandi tónlist kl. 21-23.



— **20. SEPT** **SUNNUDJASS MEÐ STEFANÍU SVAVARS**

Mosfellska söngdívan Stefanía Svavars syngur hugljúfan djass sunnudagskvöldið 20. september kl. 21. Ásgeir Ásgeirsson leikur á gítar. Rómantík og rauðvín í lok helgar.



— **24. SEPT** **RISA BINGÓ Á BARION**

Bingókvöld fullorðna fólksins fimmtudaginn 24. september.
Vinningar fyrir samtals 500.000 kr. Bingóstjóri Hilmar Gunnarsson.
Spjaldið kostar 1.500 kr. og hefst leikurinn kl. 21.



— **26. SEPT** **CREEDENCE-KVÖLD**

Biggi Haralds mætir með CCR-bandið og heiðrar hina mögnuðu sveit Creedence Clearwater Revival. Bandið er skipað Huldumönnunum og fyrrum Gildrufélögunum Birgi Haraldssyni og Sigurgeiri Sigmundssyni ásamt Bigga Nielsen, Inga B. Óskars og Jóhanni Ingva. Tónlistarveisla af bestu gerð.



— **2. OKT** **HÓPAKARÓKÍ MEÐ SIGGU KLING**

Sigga Kling mætir á Barion og stjórnar karókí með öllum salnum.
Karókíkvöldin hafa slegið rækilega í gegn í Mosó. Þú situr við borðið þitt og þarft ekki að kunna syngja. Það syngja allir með.

OKTOBERFEST

...nánar auglýst síðar

BARION_MOSO

ÞVERHOLTI 1 | 270 MOSFELLSBÆ | S. 787-7000 | WWW.BARION.IS | BARION@BARION.IS

FRÍTT INN

Happy Hour á Barion

BJÓR | LÉTTVÍN | FREYÐIVÍN

750 KR.

KL. 16:00-18:00 ALLA DAGA



NÝR OG STÆRRI MATSEÐILL BARION

ENDURBÆTTUR OG FJÖLBREYTTARI

- BYRJAR Í NÆSTU VIKU

ÞVERHOLTI 1 | 270 MOSFELLSBÆ | SÍMI 7877000 | WWW.BARION.IS

BARION MATBAR

Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2020 • Ákvað snemma að verða tónlistarmaður

Óskar Einarsson þakklátur og snortinn yfir viðurkenningunni

„Þetta er fyrst og fremst frábær heiður að hljóta þessa viðurkenningu og er ég mjög þakklátur og snortinn," segir tónlistarmaðurinn Óskar Einarsson, bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2020.

Það er menningar- og nýsköpunarnefnd sem stendur fyrir útnefningunni líkt og síðastliðin 25 ár.

Óskar er fæddur á Akureyri en hefur verið búsettur í Mosfellsbæ síðan árið 2003 og segist hvergi annars staðar vilja vera.

Hann stundaði píanó- og saxófónnám við tónlistarskólann á Akureyri, stundaði nám við FÍH og lauk blásarakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1995. Hann hefur lokið mastersgráðu í útsetningum frá University of Miami. Auk píanóleiks og kórstjórnar leikur hann á flautu, saxófón og klarinett.



SÓLVEIG FRANKLÍNSDÓTTIR VARAFORMAÐUR MENNINGARMÁLANEFNDAR, ÓSKAR EINARSSON OG HARALDUR SVERRISSON BÆJARSTJÓRI

Þekktastur fyrir gospeltónlist

Gospeltónlist er sú tegund tónlistar sem Óskar er þekktastur fyrir. Hann var stofnandi og stjórnandi Gospelkórs Reykjavíkur og hefur verið tónlistarstjóri Hvítasunnukirkjunnar í Reykjavík í um 30 ár. Hann starfar sem tónlistarstjóri í Lindakirkju í Kópavogi og stýrir þar öflugum kirkjukór sem heldur reglulega gospeltónleika.

Óskar lét ekki sitt eftir liggja í COVID-19 bylgjunni í vor og stóð fyrir viðburðinum Hittumst heima ásamt félögum sínum í Gospeltónum.

Óskar Einarsson er öflugur tónlistarmaður sem hefur komið víða við og er vel að heiðrinum kominn.

„Ég man fyrst eftir að hafa séð mynd af mér í blaði, eins árs gömlum, við píanóið heima þar sem stóð „Litli píanósnillingurinn". Þar byrjaði þetta. Svo hef ég verið í tónlistarnámi frá því ég man eftir mér, hlustað á músík og unnið við þetta alla ævi."

Dagarnir hjá Óskari eru mjög fjölbreyttir. „Ég spila í brúðkaupum, útförum og sé um tónlist í sjónvarpi, leikhúsunum og auðvitað í kirkjunni."

Óskar hefur fylgst með blómlegu kóralífi í Mosfellsbæ og meðal annars útsett og stjórnað tónleikum með Karlakórnum Stefni og verið með tónleika með Álafosskórnum. Þá hefur hann fengið sinn kór, Gospelkór Reykjavíkur, til að halda tónleika hér auk þess sem hann hefur margoft spilað með mosfellskum listamönnum eins og Gretu Salóme og Diddú.

Kynnir sig og verk sín á næstunni

Á því ári sem bæjarlistamaður er tilnefndur kynnir hann sig og verk sín innan Mosfellsbæjar í samvinnu við menningar- og nýsköpunarnefnd. Auk nafnbótarinnar er listamanninum veittur menningarstyrkur.

„Ég er strax búinn að undirstinga mitt fólk með að gera eitthvað skemmtilegt hér í Mosfellsbæ á næstunni og fæ jafnvel Pál Rósinkrans með mér í einhver verkefni," segir Óskar að lokum og hafði aldrei hugsað svo langt að maður eins og hann, á bakvið tjöldin, væri vel að slíkri viðurkenningu kominn.

BÆJARLISTAMENN MOSFELLSBÆJAR

1995	Skólahljómsveit Mosfellsbæjar
1996	Leikfélag Mosfellssveitar
1997	Inga Elín Kristinsdóttir
1998	Sigrún Hjálmtýsdóttir
1999	Sigurður Þórólfsson
2000	Karlakórinn Stefnir
2001	Sigur Rós
2002	Anna Guðný Guðmundsdóttir
2003	Steinunn Marteinsdóttir
2004	Guðrún Tómasd. og Frank Ponzi
2005	Símon H. Ívarsson
2006	Jóhann Hjálmarsson
2007	Ólöf Oddgeirsdóttir
2008	Guðný Halldórsdóttir
2009	Sigurður Ingvi Snorrason
2010	Jón Kalman Stefánsson
2011	Bergsteinn Björgúlfsson
2012	Páll Helgason
2013	Ólafur Gunnarsson
2014	Kaleo
2015	Leikfélag Mosfellssveitar
2016	Greta Salóme Stefánsdóttir
2017	Davíð Þór Jónsson
2018	Steinþór Hróar Steinþórsson
2019	GDRN
2020	Óskar Einarsson

Breyttu afgreiðslu hótelsins í kaffistofu • Mæta þörfum bæjarbúa • Hundar og hestar velkomnir • Lifandi staður

Kaffi Áslákur kemur til móts við barnafólk og atvinnulausa



Þar sem ferðamannaiðnaðurinn á undir högg að sækja vegna COVID-19, tóku eigendur Hótel Laxnes Albert Rútsson og Jónas Albertsson sig til og breyttu fyrrum afgreiðslu hótelsins í kaffistofu.

Kaffi Áslákur opnaði í lok ágúst og fer vel af stað, að sögn hótelstjórans Tönju Wohlrab-Ryan. „Við stefnum á að gera kaffihúsið að lifandi hluta af samfélaginu í Mosfellsbæ, og mæta þar með þörfum bæjarbúa," segir Tanja. Ein hugmyndin er að koma til móts við barnafólk og atvinnulausa.

Bros og gott kaffi kemur manni langt

Á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum milli 10 og 11 geta foreldrar komið með börnin og notið samverunnar í þessu fjölskylduvæna umhverfi. „Það er mjög mikilvægt fyrir nýja foreldra að hittast, slaka á og fá sér kaffibolla," segir Tanja.

„Í nýju forstofunni okkar er notalegt svæði með nettengingu þar sem hægt er að vinna. Við teljum að það sé mikilvægt fyrir einstaklinga í fjarvinnu eða á milli starfa, ekki síst í ljósi aðstæðna í samfélaginu, að geta skipt um umhverfi og viðhaldið heilbrigðri rútínu. Bros og gott kaffi kemur manni langt." segir Tanja.

„Borgaðu það sem þú vilt"

Alla virka daga milli 10 og 12 mun kaffi Áslákur bjóða fólki að borga þá upphæð sem það vill og getur. Er það einkum hugsað fyrir foreldra og atvinnuleitendur. Þá ákveður viðskiptavinurinn sjálfur hvað hann greiðir fyrir kaffi og aðrar veitingar.

Hugmyndin er ekki ný af nálinni – Pallett



kaffihús í Hafnarfirði hefur notast við þessa hugmynd með góðum árangri og er hún fengin þaðan. „Okkar stefna er að mæta þörfum viðskiptavina, bjóða upp á gæðakaffi og með auknum umsvifum ætlum við að bjóða upp á lífræn hágæða matvæli frá okkar nærumhverfi í Mosfellsbænum."



Davíð Ólafsson lög. fast.
david@fastborg.is

MIKIL SALA

Ég vil vinna fyrir þig!

- fagleg og persónuleg þjónusta

HRINGDU Í 897-1533

BORG FASTEIGNASALA



MOSFELLSBÆR

RAFRÆNN OPINN FUNDUR
um stefnu Mosfellsbæjar í málefnum fatlaðs fólks

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar vinnur að undirbúningi stefnumótunar í málaflokki fatlaðs fólks og leitar eftir þátttöku og tillögum frá íbúum Mosfellsbæjar.

Boðað er til opins rafræns fundar þar sem leitað verður eftir tillögum og hugmyndum frá íbúum.

Fundurinn fer fram þriðjudaginn 22. september kl. 17:00 - 18:30.

Áhersluþættir fundarins eru:
1. Atvinna fatlaðs fólks.
2. Þjónusta sveitarfélagsins til fatlaðs fólks.
3. Húsnæði fatlaðs fólks.
4. Aðgengi (að húsnæði og upplýsingum).
5. Sjálfstætt líf og búseta.
6. Þjónusta við fötluð börn og ungmenni.
7. Gildi Mosfellsbæjar í þjónustu við fatlað fólk.

Skráning fer fram á www.mos.is/skraning
Athugið að við skráningu þarf að velja einn áhersluþátt.

Eftir skráningu fá þátttakendur sendan hlekk á fundinn í tölvupósti.

Við hvetjum alla til að taka þátt sem láta sig málefni fatlaðs fólks í bæjarfélaginu varða, svo sem fatlaða íbúa, aðstandendur fatlaðs fólks og starfsmenn sem vinna með fötluðu fólki.

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



Tilboð mánaðarins
Offer of the month

1,990.kr
Nr 1, 2 and 3 including rice

1. CHICKEN CASHEW NUTS
Chicken sauteed with cashew nuts, onion, mushrooms
Pönnusteiktur kjúklingur med cashew hnetum, lauk, sveppum.

2. OYSTER SAUCE
Pork stir-fried with oyster sauce, onion, broccoli.
Steiktur svínakjöt með lauk, spergilkál í ostru sósu

3. YELLOW CURRY
Chicken w / yellow curry, coconut milk, potato and onion.
Kjúklingur í gulu karrý, kókósmjólk, kartöflum og laukur.

4. PAD SEE-EW
Fried flat rice noodles with chicken, broccoli, egg and sweet soy sauce
Steiktar breiðar hrísnúðlur með kjúklingi, spergikáli, eggi og sætum sojasósu

5. FRIED BROWN RICE WITH TOFU
Fried brown rice with tofu, cashew nuts, onion and vegetables
Steiktur brúnt hrísgrjón með tofu, cashew hnetum, laukur og grænmeti

6. DRUNKEN NOODLE
Fried thin rice noodles with chicken, chili, onion and basil
Steiktar þunnar hrísnúðlur með kjúklingi, chili, laukur og basil.



NOODLES SOUP 1,790.kr

N1. GUEY TEAW NAM
flat rice noodle soup with chicken or tofu and bean sprouts.
breiðar hrísnúðlur súpa með kjúkling eða tofu og baunaspírur.

N2. YAM NOODLE SOUP
thin rice noodles soup with ground pork, meat balls and bean sprouts.
þunnar hrísnúðlur súpa með svínahakki, kjötbollur og baunaspírur

NEW COOK / NEW TASTE
Nýr kokkur Nýtt bragð
og betri smekkur


Opnunartími : 17.00 – 20.30
Lau, Sun : 16.30 – 20.30
www.yam.is
yamrestaurant@gmail.com

NO ADDED MSG
100% NATURAL NO PRESERVATIVES

Y A M
THAI FOOD RESTAURANT
KJARNA, ÞVERHOLT 2
270 Mosfellsbæ
TEL : 552 - 66 - 66
yam@yam.is







Listasalur Mosfellsbæjar

Merking á milli hluta

Nú stendur yfir sýningin Milli hluta eftir Guðlaugu Míu Eyþórsdóttur í Listasal Mosfellsbæjar.

Guðlaug Mía er með BA-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands og mastersgráðu frá Koninklijke Academie í Belgíu. Hún hefur haldið fjölmargar sýningar hérlendis og erlendis og sinnt ýmsum myndlistartengdum verkefnum, m.a. stofnað og rekið gallerí og unnið að útgáfu myndlistarbóka.

Á sýningunni Milli hluta eru aðallega þrívíð verk, framúrstefnulegir skúlptúrar sem dansa á mörkum myndlistar og hönnunar. Guðlaug Mía vinnur með ýmis efni og áferðir og notar gjarnan skala og sjónarhorn til að skapa sjónræna blekkingu.

Verkin eru kunnugleg, þau minna á hversdagslega hluti en eru samt eitthvað furðuleg, bera með sér keim af algengum nytjahlutum sem má samt ekki nota. Rýmið fær yfirbragð herbergis en hvort það er skrifstofa eða stofa eða anddyri er erfitt að segja. Verkin eru á milli hluta.

Síðasti sýningardagur er 9. október.

Sögustund

í Bókasafni Mosfellsbæjar

Þriðjudaginn 22. september kl. 16:45



Í fyrstu sögustund vetrarins ætlum við að lesa saman bókina *Stelpan sem sigldi kafbát niður í kjallara (og lenti í sápufólki og smáninjum)* eftir Guðna Líndal.

Náttfatapartý geta stundum endað með ósköpum — en fyrr má nú vera! Þegar rafmagnið fer af og hræðileg ófreskja brýst inn í húsið er það undir þrúði og vinum hennar komið að finna hundinn Jóa, kveikja ljósin og bjarga kvöldinu. En það er hægara sagt en gert...

Öll velkomin!



Bókasafn Mosfellsbæjar
er á Instagram
bokasafn_moso



Hundar sem hlusta í Bókasafni Mosfellsbæjar

Laugardaginn 19. september 2020

Bókasafnið býður börnum að koma í safnið og lesa sér til ánægju fyrir sérþjálfaða hunda.
Tveir hundar verða á staðnum og komast sex börn að.
Athugið að panta þarf tíma.

Pantanir skulu sendar á netfangið evadogg@mos.is.

Tímar sem eru í boði: 12.30, 12.50 og 13.10.

Gott er að barnið hafi valið sér texta að lesa áður en tíminn hefst.

Bókasafn Mosfellsbæjar
Þverholt 2, 270 Mosfellsbær

BYGGINGAFÉLAGIÐ
BAKKI



BLIK
BISTRO • GRILL

Jólahlaðborð
í Mosfellsbæ

Borðapantanir
í síma 566-8480
blikbistro@blikbistro.is

HÓPAR VELKOMNIR

Blik Bistro & Grill verður með sitt rómaða jólahlaðborð í nóvember og desember.
Úrval klassískra rétta ásamt ljúffengu meðlæti.

Hlaðborðið verður í boði öll föstudags- og laugardagskvöld frá 20. nóv. fram að jólum.

Húsið opnar kl. 18:00 og borðhald hefst kl. 19:00.
Verð 9.900 kr. á mann.





Michele Rebora *gæðastjóri hjá VIRK hefur gaman af því að velta fyrir sér leiðum til að einfalda hlutina og spara vinnu*

Þoli illa tvíverknað og tilgangsleysi

Ítalski Mosfellingurinn Michele Rebora eða Tittí eins og hann er ávallt kallaður flutti til Íslands árið 2001 en hann er alinn upp í þorpi nálægt Genova.

Það var aldrei ætlun hans að flytja frá heimalandi sínu en eftir að hann hitti bláeygða draumadís frá Laugarvatni var hann fljótur að slá til.

Þau hjónin hafa komið sér vel fyrir í Mosfellsbænum og eru orðin fjórum börnum ríkari.



Michele fæddist 20. október 1978 í heimahúsi í Sant'Olcese sem er lítill bær rétt fyrir utan Genova á Ítalíu. Foreldrar hans eru þau Alessandra Toni húsmóðir og Luigi Rebora líffræðingur, verktaki á sviði vatnshreinsunarstöðva.

Michele á einn bróður, Vittorio f. 1977.

Með villisvín og dádýr í bakgarðinum

„Það má segja að ég sé alinn upp í sveit þótt það hafi ekki sömu merkingu og hér á landi. Ég bjó ekki á bóndabæ þar sem voru stórgripir en húsið okkar var hluti af strjálbýlu þorpi í fjallshlíðunum á bak við Genova. Það er umkringt skógi og túnum og við vorum með villisvín og dádýr í bakgarðinum. Föðurfjölskylda mín á rætur sínar að rekja til þessara slóða langt aftur í aldir.

Ég á stóran frændsystkinahóp þannig að það var alltaf nóg að krökkum til að leika við."

Ólumst upp við frjálsræði

„Við bræðurnir ólumst upp við frjálsræði, við vorum berfættir frá skólalokum í júní til septemberloka. Við hlupum um í skóginum, svömluðum í ám og bjuggum til ævintýraheima.

Það var ekki búið að finna upp snjallsímana á þessum tíma og lítið var af tölvuleikjum en það voru til svona stórir spilakassar sem gleyptu 500 lírur eins og enginn væri morgundagurinn."

Innleiddi pappírsflokkun

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

„Ég gekk í sveitaskólann í bænum og við vorum einungis fimm í fyrsta bekk. Ég elskaði kennarann minn hana Marisu og ég tíndi oft blóm handa henni.

Mér gekk vel í skólanum og átti auðvelt með að læra. Það er gaman að segja frá því að í þriðja bekk innleiddi ég pappírsflokkun í skólanum með aðstoð pabba sem sá um að tæma tunnurnar.

Ég fór svo í gagnfræðaskóla í Campomorone sem er höfuðstaður sveitarfélagsins og ég man hvað mér fannst hann vera langt í burtu. Ég var vinamargur og mjög virkur í félagslífinu, það mætti jafnvel segja að ég hafi verið fyrirferðarmikill," segir Tittí og brosir.



Við útidyr fjallakofans þar sem ævintýri byrjaði, við Genova á Ítalíu. Frá vinstri Tittí, Aldís Leoní, Heiða Björg, Elio Mar, Livio Freyr og Þórdís Lára.

Heimurinn stækkaði til muna

„Þegar ég var 14 ára gekk ég í latínuskóla í Genova og heimurinn stækkaði til muna. Maður vaknaði eldsnemma til að fara í skólann, fór smá spöl á vespu, svo í rútu, síðan í lest og svo gekk maður restina af leiðinni. Ég kynntist nýjum krökkum sem ég held enn sambandi við í dag, þar á meðal Fabio sem er minn besti vinur en hann hefur búið á Íslandi í 16 ár.

Ég lét strax til mín taka í skólapólitíkinni, ég var fyrst kosinn bekkjarfulltrúi og svo fulltrúi nemanda í skólaráði. Ólga var í skólasamfélaginu á þessum árum og mikið um kröfugöngur og verkföll sem við tókum iðulega þátt í. Haustið sem ég var í 2. bekk yfirtóku nemendur skólann og þar réðu þeir ríkjum í um tvær vikur. Það er skrítið til þess að hugsa núna en þetta var merkileg reynsla.

Leiðin lá síðan í háskólann í Genova þar sem ég nam alþjóðleg stjórnmálafræði."

Sendi mömmu og vinkonu á svæðið

„Fjölskylda mín á hús í fjöllunum heima og þar eyddum við vinirnir oft helgunum, sérstaklega eftir að við fengum vespu 16 ára gamlir. Við grínuðumst oft með það þegar bankað var á dyrnar hjá okkur að nú væri kominn hópur af sænskum skátastelpum.

Eitt sinn þegar við vorum að ganga upp að fjallakofanum spurði ég vin minn hvort hann vissi hvort fleiri ætluðu að koma. Hann nefndi einn og svo annan sem ég þekkti ekki. Sá gat ekki komið og ætlaði að senda mömmu sína og vinkonu hennar í staðinn. Frábært, hugsaði ég, fertugur maður sem kemst ekki og ætlar að senda þær tvær í staðinn, það verður eitthvað," segir Tittí og hlær að minningunni.

„Það kom svo á daginn að þessi vinkona var í raun undurfögur tvítug pía, ljóshærð og bláeygð og ég féll strax fyrir henni. Hún var sem sagt í heimsókn hjá vinkonu sinni og ég varð að leggja mig allan fram til að vinna hana á mitt band. Hún var nefnilega staðráðin í því að finna sér ekki mann á Ítalíu. Seiglan og þrautseigjan urðu til þess að við byrjuðum saman og ég elti hana til Íslands sumarið 1999."

Tek kveðjuna góðu alltaf til mín

„Fyrstu tvö árin bjuggum við og störfuðum hér á landi á sumrin en vorum svo úti í Genova á veturna. Við fluttum síðan alfarið heim 2001. Heim, segi ég, því hér á ég heima, ég hef alltaf tekið kveðjuna góðu til mín um borð í flugvélum Icelandair þegar sagt er velkomin heim.

Draumadísin mín er frá Laugarvatni, heitir Heiða Björg Tómasdóttir og starfar sem ráðgjafi. Við eigum saman fjögur börn, Aldísi Leoní f. 2004, Elio Mar f. 2007, Þórdísi Láru f. 2012 og Livio Frey f. 2015."

> ***Við grínuðumst oft með það þegar það var bankað á dyrnar í fjallakofanum að nú væri að koma hópur af sænskum skátastelpum.***

Vaskar upp og lætur leirtauið þorna

„Ég hóf störf sem gæðastjóri VIRK starfsendurhæfingarsjóðs í febrúar á þessu ári, korter í COVID. Það var mjög spes þar sem vinnustaðurinn dreifðist mjög fljótt og allir fóru að vinna heima. Ákveðin áskorun að byrja á nýjum stað svona en þarna er mjög gott að vera.

Ég starfaði áður í 14 ár sem ráðgjafi í gæðastjórnun. Aðstoðaði aðallega fyrirtæki við að greina ferli sín og undirbúa sig fyrir vottun en líka varðandi umhverfismál, upplýsingaöryggi, jafnréttismál o.s.frv.

Ég þoli illa tvíverknað og tilgangsleysi og hef því gaman af því að velta fyrir mér leiðum til að einfalda hlutina og spara vinnu. Eins og í daglega lífinu, t.d varðandi uppvaskið, þá vaskar maður upp og lætur svo leirtauið þorna en þurrkar það ekki."

Nýt þess að vera úti í náttúrunni

„Ég hef líka gríðarlegan áhuga á umhverfismálum og þá helst „ruslinu". Í gegnum starf mitt sem ráðgjafi hef ég m.a. fengið tækifæri til að hafa áhrif og hef tekið þátt í heildarendurskoðun á flokkunarreglum fyrir höfuðborgarsvæðið og framsetningu þeirra á vef SORPU.

Ég nýt þess að vera úti í náttúrunni og finnst æðislegt að komast í „óbyggðir" með því að ganga í nokkrar mínútur að heiman. Ég er virkur í bæjarmálunum og líka í samfélagi Ítala hér á landi og læt mig málin varða.

Ég er líka nokkuð óvirkur sportkafari og nokkuð virkur mynt- og seðlasafnari svo ég hef alltaf nóg að gera," segir Tittí er við kveðjumst.

HIN HLIÐIN

Fallegasti staður í Mosfellsbæ?
Það er víða fallegt í Mosfellsbæ og erfitt að gera upp á milli en ef ég þarf að velja þá er það uppi á Reykjafelli.

Uppáhaldsrakspíri?
Boss, frá Hugo Boss.

Draumabíllinn?
Níu manna VW Transporter, metanknúinn, stór fjölskylda, þið vitið :)

Áttu eitthvert gælunafn?
Jú, reyndar, þótt það hljómi nokkuð undarlega á íslensku þá hef ég alltaf verið kallaður Tittí af fjölskyldu og vinum.

Hver er þín óvenjulegasta lífsreynsla?
Ætli að það sé ekki að flytja til Íslands.

Best fyrir líkama og sál? Að vera glaður og að njóta þess sem maður gerir.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?
Yfirgangur og óréttlæti klárlega en uppþvottvélar sem er illa raðað í snerta líka mína strengi.

Ertu duglegur að elda? Þegar ég er í stuði, annars er Heiða klárlega eldhússnillingurinn á okkar heimili.



12 ÁRA Í LÚÐRASVEIT



UNG OG ÁSTFANGIN



TITTÍ OG HEIÐA Á GÓÐRI STUNDU

Myndir: Ruth Örnólfsdóttir og úr einkasafni.



Hausttilboð

20% afsláttur af heilnuddi og
15% afsláttur af partanuddi hjá
heilsunuddaranum til 20. október

GK
Snyrtistofa

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 - SÍMI: 534 3424



LOPI

Ný prjónabók

22 nýjar uppskriftir - Lopi 40
Bókin er fáanleg í öllum verslunum sem selja Lopa

Íslensk ull
Gæðamerki

TEIKNINÁMSKEIÐ

Haust 2020

Sköpun & skissur

Fáum hugmyndir og komum þeim á blað ... lærum að nota skissur sem vopn í bardögum gegn hugmyndaleysi.

Námskeið hefst 6. október,
kennt á þriðjudögum milli kl. 20-22

Líffærafræði Leturs; þinn eigin bókstafur

Frá hugmynd að hönnun! Námskeiði líkur með eigulegum sérhönnuðum bókstaf fyrir hvern þátttakanda.

Námskeið hefst 7. október,
kennt á miðvikudögum milli kl. 20-22

Nánar um námskeiðin á
www.siggarune.com

Skráning á námskeið:
siggarune@siggarune.com
eða í síma 6988965

ÚTIVISTAR-REGLURNAR*

*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20
13 – 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 22
13 – 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 24

SAMAN
www.samanhopurinn.is

Mosfellsbær

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglunum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla,- íþrótta- eða æskulýðssamkonu. Aldur miðast við fæðingarár.

Íþrótta- og tómstundastarf eldri borgara í Mosfellsbæ



Þátttaka í íþrótta- og tómstundastarfi er holl og góð bæði líkamlega og andlega fyrir fólk á öllum aldri.

Mosfellsbær er Heilsueflandi samfélag þar sem heilsa og heilsuefling eru í forgrunni í allri stefnumótun og þjónustu. Nú þegar heimsfaraldurinn hefur geisað undanfarna mánuði hefur aldrei verið mikilvægara að ná til og hvetja fólk til þátttöku í íþróttum og tómstundum til að viðhalda góðri heilsu og koma í veg fyrir félagslega einangrun.

Fjölbreytt framboð

Í Mosfellsbæ er fjölbreytt framboð af íþrótta- og tómstundastarfi fyrir eldri íbúa þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Nú fer vetrarstarfið að hefjast og í skipulagningu er horft til þess að aðgengi og umgjörð geri sem flestum kleift að taka þátt og horft er til líkamlegra, andlegra og félagslegra þátta.

Meðal þess sem er í boði má nefna vatnsleikfimi í Lágafellslaug, leikfimitíma í World Class fyrir byrjendur og framhaldshópa í samstarfi við Mosfellsbæ, dansleikfimi að Varmá á miðvikudögum, útileikfimi hjá Höllu Karen, Boccia og Ringó, gönguhópa 3 x í viku og stólajóga á Eirhömrum.

Golfaðstaða hjá golfklúbbnum

Í lok sumars gerðu Mosfellsbær og Félag aldraðra í Mosfellbæ (FaMos) samning við Golfklúbb Mosfellsbæjar um að eldri borgarar sem eru skráðir í FaMos fái fría aðstöðu þrjá morgna í viku til að spila golf á púttsvæðum klúbbsins bæði á útisvæði og á innisvæðinu á neðri hæð golfskálans. Þetta er skemmtileg viðbót við fjölbreytta möguleika fyrir eldri íbúa í bænum til hreyfingar sem mun örugglega njóta vinsælda.

Handverk og aðrar tómstundir

Eldri íbúum stendur einnig til boða þátttaka í hópum og námskeiðum eins og t.d. gler- og leirgerð, bókbandi, tréútskurði, módelsmíði, listmálun, postulínsmálun, perluhópi og ýmsum fleiri stuttum námskeiðum. Spilamennska og söngstund liggja niðri eins og er vegna Covid, en vonandi verður hægt að hefja þá starfsemi sem allra fyrst.

Nýjasta verkefnið sem Mosfellsbær styrkir og er að komast á laggirnar er verkefni sem ber heitið „Karlar í skúrum“ og verður stofnfundur verkefnisins haldinn innan skamms, en þetta verkefni er aðeins fyrir karlmenn. Meiri upplýsingar um verkefnið má finna hér: www.raudikrossinn.is/karlariskurum

Ég hvet eldri íbúa í Mosfellsbæ til að kynna sér það framboð sem er af íþróttum og tómstundum í bænum og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Þátttaka gefur öllum aukna vellíðan, betri heilsu og góðan félagsskap. Í Mosfellsbæ er einnig starfandi öflugt félag eldri borgara (FaMos) þar sem fer fram fjölbreytt og skemmtilegt starf og hvet ég þá eldri Mosfellinga sem nú þegar eru ekki skráðir í félagið að skrá sig í þann skemmtilega félagsskap.

Frekari upplýsingar

Þeim sem vilja fá frekari upplýsingar um hvar sé hægt að skrá sig til þátttöku í íþróttum og tómstundum er bent á að hafa samband við forstöðumann félagsstarfsins, Elvu Björgu, í síma 586-8014 eða 6980090 eða senda tölvupóst á elvab@mos.is

Félagsstarfið er með facebook-síðu sem ber heitið „Félagsstarfið Mosfellsbæ“ og einnig má finna upplýsingar inn á síðunum www.famos.is og www.mos.is

Ásgeir Sveinsson
formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar

Ekkert sveitarfélag lagt í jafn viðamiklar aðgerðir

Öll skólamannvirki Mosfellsbæjar skimuð fyrir raka



Vorið 2019 lagði meirihluti Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna til við bæjarstjórn að allt skólahúsnæði Mosfellsbæjar yrði skimað fyrir rakaskemdum og hugsanlegum örveruvexti tengdum þeim.

Ekkert sveitarfélag á landinu hefur lagt í svo viðamiklar aðgerðir til að kanna ástand skólastofnana sinna. Töluverð umræða hefur verið um ástand skólahúsnæðis bæði hér í Mosfellsbæ og annars staðar. Vegna efasemda um heilsufarsvottorð mannvirkjanna ákvað meirihlutinn að láta kanna málið til hlítar. Tillagan var samþykkt einróma af bæjarstjórninni allri.

Sjö leikskólar, tveir grunnskólar og báðar íþróttamiðstöðvarnar

Umhverfissviði bæjarins var falið að láta framkvæma skoðun á öllu skólahúsnæði Mosfellsbæjar m.t.t rakaskemmda og hugsanlegs örveruvaxtar þeim tengdum. Enn fremur var samþykkt að láta gera reglulegar loftgæðamælingar.

Heildarúttektin var boðin út og á endanum samið við EFLU verkfræðistofu og Orbicon um úttekt á mannvirkjunum. Orbicon tók út leikskólana Hulduberg, Höfðaberg, Leirvogstunguskóla, Hlíð, Haðhamra og Reykjakot ásamt Íþróttamiðstöðinni að Lágafelli. EFLA verkfræðistofa tók út Krikaskóla, Lágafellsskóla og Íþróttamiðstöðina að Varmá. Áður hafði EFLA verfræðistofa tekið út allar byggingar Varmárskóla.

Nú liggja niðurstöður fyrir og á heildina litið kom skoðun frá báðum aðilum vel út bæði hvað varðar loftgæði og ástand mannvirkja með tilliti til rakaskemmda. Um var að ræða skimun á loftgæðum ásamt rakamælingum og sjónskoðun eftir sýnilegum rakaummerkjum. Unnið var eftir því hefðbundna verklagi að fara einvörðungu í sýnatöku þar sem ástæða þótti til að lokinni sjónskoðun.

Farið var ítarlega yfir alla leikskólana og íþróttamiðstöðvarnar báðar þ.e að Varmá og Lágafelli. Má nefna að í skýrslum úttektaraðilanna kemur fram að dúkur á eldhúsum leikskólanna er ekki heppilegt gólfefni og verður dúknum skipt út. Einnig skal tekið fram að viðgerðir á þaki íþróttahúsnæðisins að Varmá eru þegar hafnar enda verið á viðhaldsáætlun bæjarins um tíma.

Endurbætur og viðhald á viðhaldsáætlun

Eins og áður var nefnt koma niðurstöður skimunar koma heilt yfir vel út og úrbótum verður forgangsraðað í samræmi við tillögur ráðgjafa. Tekið skal fram að viðgerðir eru þegar hafnar á stærstu verkefnunum eins og þak– og gluggaviðgerðum á Varmárskóla en skólinn hefur verið stórlega endurbættur síðastliðin ár, bæði að utan og innan. Mosfellsbær gerir viðhaldsáætlun ár hvert og hefur fjármagn til viðhalds bygginga bæjarins aukist umtalsvert undanfarin ár.

Verkefnum næstu missera hefur verið forgangsraðað

Unnið hefur verið úr niðurstöðum úr skýrslum EFLU verkfræðistofu og Orbicon og verkefnum forgangsraðað á grunni mats sérfræðinga. Verkefnið mun halda áfram út þetta ár og fram til ársins 2021. Með því að fara í svona viðamikla skimun hefur Mosfellsbær sýnt ákveðið frumkvæði í þessum efnum á landsvísu.

Meirihluti bæjarstjórnar hefur sýnt dug í að ráðast í svo mikið verkefni sem hér um ræðir enda er það markmið að vera ávallt fremst í flokki þegar kemur að skólamálum á Íslandi, bæði hvað varðar innra starf og gæði húsnæðis.

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir,
bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar

BMX BRÓS ÍSLAND

BMX HÁTÍÐ

FÖSTUDAG 18. SEPTEMBER KL.15-17

Á MIÐBÆJARTORGI MOSFELLSBÆJAR



EVRÓPSK SAMGÖNGUVIKA Í MOSFELLSBÆ

2020 Dr. Bæk

Hjólið þitt með

Dr. BÆK

í Mosfellsbæ - miðbæjartorginu

fimmtudaginn 17. september kl. 15 – 17

Við hvetjum alla hjóleigendur að koma með hjólhesta sína í þessa árlegu fríu ástandsskoðun hjá Dr. Bæk.

Doktorinn kemur með farandskoðunarstöðina sína, pumpu, olíur og nokkra skiptilykla. Hann skoðar hjólin og vottar heilsu þeirra.

Alls konar spurningar leyfðar.

hjólafærni

MOSFELLSBÆR


ÍSAK ANDRI, ÞORSTEINN, KRISTJÁN ARI OG NÓI HRAFN

Mosfellingarnir í rokkhljómsveitinni Red Line

GEFA ÚT SÍNA FYRSTU PLÖTU

Rokkhljómsveitin Red Line hefur gefið út sína fyrstu hljómplötu á Spotify.

Hljómsveitin er skipuð fjórum ungum og efnilegum Mosfellingum, þeim Kristjáni Ara Haukssyni söngvari, Nóa Hrafni Atlasyni bassaleikara, Ísaki Andra Valgeirssyni gítarleikara og trommaranum Þorsteini Jónssyni.

„Við stofnuðum hljómsveitina í janúar og sömdum þrjú lög fyrir Músíktilraunir en vegna COVID19 var hætt við keppnina í ár. Þarna kviknaði neisti hjá okkur, við höfum allir einbeitt okkur að þessu síðan og nú er árangurinn að koma fram með þessari plötu," segir Kristján Ari.



Spenntir að fá viðbrögð

Á plötunni má finna átta frumsamin lög og nefnist platan 13:18. „Nafnið 13:18 varð hugmynd vegna þess að við leigðum hús á Laugaveginum til að semja og spila lög. Fyrsta daginn þar dó veggklukkan okkar á tímanum 13:18 svo öll lögin okkar eru samin á þeim tíma í þessu húsi, sem er einnig húsið framan á plötuumslaginu.

Við höfum fengið mjög góð viðbrögð, við sjáum að þeir sem hafa hlustað á plötuna gera það aftur og aftur. Nú þurfum við bara að gera okkur sýnilega og fá fleiri til að hlusta og erum spenntir að fá meiri viðbrögð," segir Kristján Ari.

Lagið Summer Nights er mest spilaða lag hljómsveitarinnar og hefur sveitin gefið út myndband með því lagi sem meðal annars er tekið upp hér í Mosfellsbæ.

Við hjá Bólinu viljum minna á breyttan útivistartíma hjá krökkunum okkar.

12 ára og yngri mega vera úti til kl. 20.00 og 13-16 ára til kl. 22:00

Minnum einnig á að allar upplýsingar sem tengjast Bólinu, Kjallaranum og Mosanum má finna inni á: Bolid.is

Eða á Instagram
@bolid270
@Kjallarinn_mos
@ungmennahusid_mosinn

17. SEPT Í HARÐARBÓLI
HÚSIÐ OPNAR 19:30
BALL FRÁ 20 - 22

HAUSTFÖGNUÐUR BÓLSINS Í KVÖLD

Fyrir 8.-10. Bekk

FYRSTA SKEMMTUN AF MÖRGUM 2020-2021

Hlökkum til að sjá ykkur!

Miðinn gildir einnig sem happdrættismiði

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Áfram Afturelding!

BARION MATBAR

HEILSUMOLAR GAUA




ÞAKKLÆTI Í VERKI

Ég var í sambandi við elsta son minn í morgun, spjallaði aðeins við hann um þennan pistil, um hvað hann ætti að fjalla. Hann stakk upp á að pistillinn fjallaði um þakklætisgöngur – það er þegar maður fer í rólegan göngutúr og einbeitir sér að því, hluta göngutúrsins, að hugsa um það sem maður er þakklátur fyrir. Mér leist vel á það.

Hann sagðist vera að vinna með sína eigin útgáfu af þakklætisgöngum. Hún snýst um að byrja daginn á því að hugsa um eitthvað sem maður er þakklátur fyrir og ákveða síðan að gera eitthvað sama dag sem tengist því. Hann kom með dæmi, sagði mér frá því að hann hefði hugsað um fyrir nokkrum dögum að hann væri þakklátur fyrir ömmu Dóru (ég er það líka, svo það sé nú á hreinu, hún er frábær tengdamóðir) og hann fagnaði því þakklæti með því að hringja í hana seinna sama dag og spjalla við hana um lífið og tilveruna. Þetta finnst mér stórsniðugt. Að búa til sína eigin útgáfu af aðferð sem maður lærir af öðrum. Gera hana að sinni, betrumbæta hana.

Ég ætla að prófa þessa tegund af þakklætisgöngu, hugsanlega strax í fyrramálið. Ætla ekki að ákveða núna hvað ég ætla að vera þakklátur fyrir, heldur leyfa því að koma til mín þá.

Fyrst við erum að tala um göngur, þá langar mig að mæla með því að ganga reglulega á einhver af fellunum okkar mosfellsku. Fellagöngur eru frábær útivist og hreyfing. Mátulega langar og stutt fyrir okkur að fara. Ég hef sjálfur verið að labba á Reykjafellið daglega, er að prófa að gera það allan septembermánuð. Hugmynd sem ég fékk lánaða hjá göngugarpinum Pálma Steingrímssyni. Ég lagaði hugmyndina að mér og mínum aðstæðum, gerði hana að minni. Alveg eins og sonur minn gerði með þakklætisgöngu-hugmyndina.



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
www.fastmos.is

Leiguíbúðir við Þverholt





Árið 2014 tók bæjarstjórn þá sameiginlegu ákvörðun að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að efla almennan leigumarkað í Mosfellsbæ og auka þannig við fjölbreytta búsetukosti fyrir bæjarbúa.

Hugsunin var að fólk gæti fengið öruggt leiguhúsnæði til lengri tíma í bænum. Þá var einnig í umræðunni að bærinn gæti fengið leiguhúsnæði fyrir sína skjólstæðinga enda er viðvarandi biðlisti eftir húsnæði á vegum bæjarins.

Bærinn ákvað að nýta lóð í sinni eigu á besta stað í bænum, í göngufjarlægð frá verslun og þjónustu og með almenningssamgöngur nánast við húsvegginn ásamt frábæru útsýni.

Bærinn auglýsti lóðirnar við Þverholt með kvöðum um leiguíbúðir og var lóðunum úthlutað til fyrirtækis sem síðar kom í ljós að hafði ekki burði til að sinna verkefninu eins og það lá fyrir. Fyrirtækið Bakki sem einnig hafði boðið í verkefnið gekk þá inn í samkomulagið. Eftir því sem verkefninu hefur undið fram hefur fyrirtækið leitað til bæjaryfirvalda um að fá kvöðum aflétt og fá þannig tækifæri til að selja íbúðirnar til einkaaðila og innleysa þannig ábatann strax.

Til að koma til móts við óskir félagsins var gert samkomulag á árinu 2019 um að flytja leigukvaðir af lóðum 27-29, nema 6 íbúðum, yfir á lóðir 21-23 ásamt því að fest var í samning, að frumkvæði Bakka, að leiguverð yrði sambærilegt við útleigu hjá Félagsstofnun stúdenta.

Í sumar kom fyrirtækið aftur til bæjaryfirvalda og vildi niðurfellingu allra leigukvaða. Fyrirtækið tiltók í beiðni sinni árangurslausar viðræður við ýmsa aðila um að kaupa og reka íbúðirnar samkvæmt samningnum. Bærinn sjálfur hefur ekki átt aðild að þeim viðræðum, svo vitað sé, þannig að ekki hefur reynt á að bærinn ræddi við þessa aðila um einhverjar lausnir á vanda Bakka. Því vandinn er Bakka en ekki bæjarfélagsins.

Meirihluti Vinstri grænna og sjálfstæðismanna bauð fyrirtækinu að ganga að flestum kröfum þess þannig að leigukvöðum verði aflétt strax af lóðum 21 og 27-31 en varðandi Þverholt 23, þá skuli kvaðirnar gilda í 15 ár en þó geti Bakki óskað endurskoðunar eftir 5 ár. Miðað við hvernig þetta mál hefur verið unnið verða engar leiguíbúðir á þessum lóðum eftir 5 ár og ekkert eftir af upphaflegri ákvörðun bæjarstjórnar.

Upphafleg ákvörðun bæjarins gekk út á að efla almennan leigumarkað, stuðla að leiguöryggi og fjölbreyttum búsetukostum í bænum. Þess vegna var umræddri lóð við Þverholt úthlutað með íþyngjandi kvöðum. Af þessari verðmætu lóð á besta stað í bænum voru greidd lögbundin gatnagerðargjöld og byggingarréttargjald eins og af öðrum byggingum í bænum. Byggingarlóðir í eigu bæjarins innan þéttbýlis eru takmörkuð auðlind og mikilvægt að bærinn gæti vel að eigin hagsmunum við úthlutun þeirra gæða.

Þess vegna hefði legið beint við þegar meirihluti VG og sjálfstæðismanna vildi falla frá leigukvöðum á umræddum lóðum að kveðja til óvilhalla matsmenn til að meta virði umræddra lóða við Þverholt og horfa þá til staðsetningar á besta stað í bænum. Þannig að Bakki myndi þá greiða markaðsverð fyrir lóðirnar án íþyngjandi kvaða hvert sem það verð er.

Það hryggir okkur að vinir okkar í Vinstri grænum skuli nú hverfa endanlega frá upphaflegu hugmyndinni um að huga að almennum hagsmunum leigjenda um öruggt, varanlegt leiguhúsnæði í Mosfellsbæ. En kannski er ekki við öðru að búast af VG þar sem hreyfingin hefur verið sammála sjálfstæðismönnum í Mosfellsbæ í einu og öllu í a.m.k. 14 ár.

Við erum ósammála meirihlutanum um langtímahagsmuni bæjarins í þessu máli. Við teljum langtímahagmunum íbúa Mosfellsbæjar best borgið með því að standa við þá ákvörðun sem tekin var um uppbyggingu leiguhúsnæðis með þeim kvöðum sem nú eru í gildi og höfnum þeirri niðurstöðu sem VG og sjálfstæðismenn komust að.

Anna Sigríður Guðnadóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar
Ólafur Ingi Óskarsson, varabæjarfulltrúi Samfylkingar

Stofnaður af Lionsklúbbi Mosfellsbæjar í desember árið 2007

Lionsklúbburinn Úa í Mosfellsbæ

Ágæti lesandi, hér kemur smá kynning á starfi hjá Lionsklúbbnum Úu.

Í klúbbnum eru 24 félagar á ýmsum aldri sem vinna vel saman að ýmsum verkefnum í anda Lions. Formlegir fundir eru fyrsta mánudag mánaðar og hefjast kl. 19:00 og standa til kl. 21:00.

Fyrsti fundur starfsársins fór fram 7. september. Til að bregðast við ástandinu og virða eins metra regluna tókst stjórn með sinni útsjónarsemi að breyta formlegu sniði sem er venjulega á fundum. Fundurinn var haldinn í Safnaðarheimili Lágafellssóknar í Mosfellsbæ, mikil ánægja var með að hittast og ýmis ný og gömul málefni rædd, framkvæmd verkefna og fleira.



STJÓRN STARFSÁRSINS 2020-2021. ÍDA FENGER GJALDKERI, ÞORBJÖRG FRIÐRIKSDÓTTIR FORMAÐUR OG BRYNDÍS HILMARSDÓTTIR RITARI

Að þjappa félögum saman

Óformlegir fundir eru þriðja mánudag hvers mánaðar, sem útivistarnefnd sér um að skipuleggja. Ýmist er ganga, heimsókn til fyrirtækja, jafnvel í önnur bæjarfélög eða eitthvað annað en gjarnan er endað á kaffihúsi á eftir. Allt þetta er nú í endurskoðun en með opnum huga verður hægt að finna nýjar leiðir.

Nú í ár hefur verið ákveðið að fresta árlegu fjáröflunarkvöldi fram á næsta vor. Þar öflum við tekna með happdrættissölu en vinningar í happdrættinu eru styrkir frá fyrirtækjum. Með þessu hefur klúbburinn getað stutt við þá sem þurfa mest á að halda. Ágóði fer í styrktarsjóð klúbbsins sem klúbburinn úthlutar úr. Áhersla er lögð á nærsamfélag klúbbsins og þar sem þörfin er mest hverju sinni á landsvísu eða alþjóðavísu.

Ekki þarf alltaf að afla fjár, líka er hægt að taka þátt í verkefnum sem eru vinnuframlag félaga. Sameiginleg verkefni Lions á landsvísu eru m.a. sala Rauðu fjaðrarinnar, blóðsykursmælingar, lestrarátak Lions o.fl. Úur hafa verið virkar þarna, ásamt því að sinna öðrum verkefnum sem til falla hjá klúbbnum og hafa tekið þátt í samstarfsverkefnum með Lionskúbbi Mosfellsbæjar.

Hver Lionsfélagi skiptir máli

Skemmtinefnd sér um árlega óvissuferð klúbbsins, henni var frestað síðasta vor en bíður betri tíma. Við leggjum áherslu á að styrkja okkar innra starf og að hafa gaman saman.

Mælt er með að nýjar stjórnir sæki viðurkenndan leiðtogaskóla Lions. Hægt er að fá námskeið á fundi í boði Lions, en sérþjálfaðir kennarar innan Lions sjá um ýmis fræðslumál. Lionsþing eru að vori, þar sækja viðtakandi stjórnir formannaskóla, ritaraskóla og gjaldkeraskóla.

Hver Lionsfélagi skiptir máli, sumir velja að starfa í sinni nefnd og hlúa að klúbbastarfinu, þeir eru jafn mikilvægir og aðrir félagar sem fara lengra. Mörg tækifæri skapast við að vera í Lions og vera klúbbfélagi í Úu, sem dæmi má nefna að fjórar Úur eru í umdæmisstjórn og ein í fjölumdæmisstjórn.



FUNDUR MEÐ EINS METRA REGLU

Markvissir fundir í samkomubanni

Að bregðast við hindrunum og finna nýjar leiðir hefur Covid-19 kennt klúbbfélögum eins og allri þjóðinni. Úur héldu þrjá netfundi á Zoom, með leiðbeiningum hjá Lions um hvernig hægt væri að bera sig að. Nær full mæting var fyrir framan tölvuskjáinn og voru fundir markvissir.

Kæri lesandi, ef vaknar hjá þér neisti til að kynna þér starf Úu frekar, hafðu samband við stjórn klúbbsins; Þorbjörg Friðriksdóttir formaður, Bryndís Hilmarsdóttir ritari, Ida Fenger gjaldkeri og/eða aðra klúbbfélaga í Úu. Klúbburinn er með facebook-síðuna Lionsklúbburinn Úa.

Fyrir hönd Lkl. Úu.
Dagný S. Finnsdóttir, félaga- og fjölmiðlanefnd.

Stöðuuppfærslur in your face



Guðmundur Ásgeirsson
14 sólarhringa hjólhýsabúskap, á bílastæðinu, að ljúka. Geggjað stuð, kósýheit, endalaus rómantík :) og sturta í Lágafellslaug.... allt í boði Covid 19 :)
3. sept



Gudjon Svansson
Vinir mínir á sunny Akureyri, þið megið endilega klappa Þórsara #10 Sveinn Elías Jónsson á öxlina frá okkur í Mosó. Það var algerlega til fyrirmyndar hvernig hann brást við í leik UMFA og Þórs í gær þegar framherjinn okkar missti meðvitund eftir fall/árekstur í teignum. Var fyrstur manna til að bregðast við og var lykilmaður í að hlúa að okkar manni og passa upp á hann þangað til hann var borinn af velli.
Ég þekki Svein Elías ekki sjálfur, en búinn að hugsa mikið um þetta atvik og hans snöggu og góðu viðbrögð.
Góðar kveðjur norður!
13. sept



Hafsteinn Pálsson
Nú í haustbyrjun eru 1869 börn í grunnskólum Mosfellsbæjar! *14. sept*



Leifur Guðjónsson
Vil þakka gaurnum sem að beið eftir að konan min kom úr bónus í dag hann hurðaði óvart bílin okkar það er sko til gott fólk
14. sept



Arndís G. Bernhardsdóttir Linn
Hjartans þakkir þið öll fyrir dásamlegar afmæliskveðjur og sendingar. Þær ylja og næra og draga fram tár á hvarma <3 Stórafmælisdagurinn var eitt stórt dekur og dagur 50 / 1 líka :) Lífið er ljúft og ég tek glöð á móti næstu hálfu öld. *14. sept*



Odda Oddrún Sigurðardóttir
Settu þetta á statusinn þinn ef þér finnst kallinn þinn óvenju heppinn með konuna sína! Og ekki gleyma helvítis hjörtunum <3 <3 <3
15. sept

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.
Sími 893 5788


Öll almenn vörubíla- og kranaþjónusta
- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.



BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

BRA BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
SJÓVÁ TM VÍS VÖRÐUR
Frí Tjónaskoðun
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510

Svæðanudd í Mosfellsbæ
Ásgerður Jónasdóttir




Sími 865-1607
www.facebook.com/yogazonen
Svæðanuddari / jógakennari / skráður græðari

ÖKUKENNSLA
Tímapantanir og upplýsingar
hzoega@gmail.com
KENNI Á BEINSKIPTAN OG SJÁLFSKIPTAN BÍL



ÖKUKENNSLA
AKSTURSMAT
UMFERÐARFRÆÐSLA
Hreiðar Örn Zoëga
820 1616

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900
- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir




Löggiltur rafverktaki

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir


Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

BílaGlerið
Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510
Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

MG Lögmenn ehf.
Öll almenn lögfræðiþjónusta
Innheimtur
Sala fasteigna
Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

FAGVERK

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

ARTPRO
PRENTÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 520 3200
www.artpro.is

VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

HEYRST HEFUR...

...að gamla Íslandsbankarýmið í Kjarna sé nú orðið tómt aftur.

...að handknattleiksmaðurinn öflugi, Birkir Benediktsson, hafi slitið hásin fyrir fyrsta leik tímabilsins og verði frá næstu mánuði. Mikið áfall.

...að Dóri DNA og Steindi Jr. hafi verið fulltrúar Aftureldingar í spurninga-þættinum Kviss á Stöð 2.

...að hinir vinsælu fjölskyldutímar að Varmá geti ekki hafist nú í sept.

...að Brynja Hlíf Hjalta (Úrsus) sé ólétt.

...að Biggi Haralds og félagar ætli að taka Creedence Clearwater-kvöld á Barion í lok september.

...að Bogi hafi ekki náð sér á flug með PLAY.

...að Reykjavík sé að fara leigja út 30 herbergja húsnæði í Víðinesi.

...að Dalbúar kvarti sáran yfir hávaða og ónæði frá 60 grænlenskum sleðahundum sem geymdir eru í búrum í Dalnum.

...að búið sé að ráða þriðja prestinn í Lágafellssókn. Sigurður Rúnar er mættur aftur til starfa en hann var hér rétt fyrir síðustu aldamót.

...að ákveðnir menn vilji leyfa lyktar-sprengjur í gufunni í Lágó á kvöldin til að fríska sig upp.

...að byrjað sé að auglýsa til leigu skrifstofurými við nýju heilsu-gæsluna í Sunnukrika.

...að Bændaglíma GM fari fram á laugardaginn.

...að síðasti grænmetismarkaður sumarsins fari fram í Mosskógum á laugardaginn.

...að þátturinn „Það er kominn Helgi“ hefji göngu sína á laugardaginn, beint úr Hlégarði.

...að Stefanía Svavars verði á Barion á sunnudagskvöldið þegar Sunnu-djass fer fram.

...að Trausti Brekkan hafi fengið fugl á sínum fyrsta golfhring í Bakkakoti.

...að Balli sé að fara á kostum í þáttaröðinni FC Ísland.

...að erlendur ferðamaður hafi boðið 700 þúsund krónur í gamla Álafossúlpu á dögunum.

...að framkvæmdir séu hafnar við breikkun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi.

...að vinningarnir í bingóunum á Barion fari yfir hálfa milljón króna en næsta bingó verði 24. september.

...að tveir sjúkrabílar hafi mætt á Varmárvöll um síðustu helgi þegar senter Aftureldingar meiddist en hann er á batavegi.

...að knattspyrnuþjálfarinn Guðjón Þórðar mæti með lærisveina sína í Víkingi Ólafsvík á Fagverksvöllinn á sunnudaginn.

...að nýr lóðarhafi í Súluhöfða sé að safna undirskriftum og vilji golfvöllinn burt.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Aron Lilbæk Símonarson fæddist 16. apríl 2020, 14 merkur og 48 cm. Hann býr í Vefarastræti. Foreldrar hans heita Símon Lilbæk og Hugrún Ósk.



Tinna María Geirsdóttir fæddist 17. mars 2020. Foreldrar hennar eru Geir Ulrich og Jóhanna Helga.



Í eldhúsinu

HJÁ KOLBRÚNU OG SIGURJÓNI

Hægeldað lambalæri



Kolbrúnu og Sigurjóni þykir mjög gaman að fá fólk í mat og nota grillið óspart á sumrin. En þar sem farið er að hausta fannst þeim tilvalið að deila með okkur uppskrift þar sem nýtt grænmeti og íslenska lamba-kjötið er í aðalhlutverki.

Hráefni
- Lambalæri, hvaða stærð sem er
- Slatti af kartöflum
- 1-2 sætar kartöflur
- 2 laukar eða rauðlaukar
- 1-2 hvítlaukar
- Síðan má bæta við því rótargrænmeti sem er til í ísskápnum (gulrætur, gulrófur, sellerírót, fennel) eftir smekk
- Ólífuolía
- Salt og pipar
- Kryddið „Bezt á lambið“
- Ca 500 ml vatn

Aðferð
Olía er borin á lambalærið og það kryddað. Grænmetið er skorið niður í bita og sett í botninn á steikarpotti, salti, pipar og vatni bætt við og lærið lagt ofan á. Ofninn er stilltur á 120°C (blástursstilling) og þetta látið malla í a.m.k. 5 tíma. Ágætt er að kíkja á lærið svona klukkutíma áður en það á að vera tilbúið og sjá hvernig gengur, þá er hægt að stilla á hærri hita ef það er ekki alveg tilbúið. Í lokin er hægt að stilla ofninn á 200°C í ca 10 mín til að fá stökka húð ef vill.

Lærið er því næst tekið úr pottinum, vatnið sigtað frá grænmetinu og það sett í skál og borið fram með lærinu.

Villisveppa- og piparostasósa
Hægt er að búa til sósu úr soðinu ef vill, en okkur þykir villisveppa- og ostasósa best.
- 500 ml. rjómi, má blanda með matreiðslurjóma
- ½ piparostur
- ½ villisveppaostur
- Sveppir
- Smjör.

Sveppirnir eru smjörsteiktir á pönnu, ostarnir skornir í bita, gott að skella þeim örstutt í örbylgjuofn til að mýkja þá. Ostbit-arnir settir með smá rjóma í pott og bræddir niður, rjómanum er síðan bætt smátt og smátt við og að lokum er smjörsteiktum sveppunum skellt út í.

Verði ykkur að góðu.

Kolbrún og Sigurjón skora á Gunnsu og Bibba að deila næstu uppskrift í Mosfellingi

STRÍÐIÐ HELDUR ÁFRAM

Í síðasta pistli mínum minntist ég á hvað hversdagslífið okkar hefur breyst vegna Covid, og að það þýði ekkert að vola og skæla heldur að horfa fram á veginn og fulla ferð.

En síðan síðasti pistillinn minn kom á síðum Mosfellings þá hefur nú ýmislegt gerst. Þrumuskýið sem vofði yfir hvarf smám saman og fjöldatakmörkunum og öðru slíku var létt að sumu eða öllu leyti. Hlutirnir byrjuðu að hafa sinn vanagang aftur, enski boltinn byrjaði aftur að rúlla, svo sá íslenski en þó án áhorfenda eða með sárafáum á pöllunum. Líkamsræktarstöðvar voru fljótar að fyllast, sundlaugar landsins opnuðu hver af annarri og sundlaugaþyrstir landsmenn flykktust aftur í laugarnar og pottana en þó með 2 metra millibili.

Mosfellingur kom aftur inn um lúgu okkar sveitunga og á ný var hægt að skella sér á Barion og fá sér einn kaldan. Túristinn var mættur aftur á hestbak í Laxnes og farinn að skoða gullna hringinn, þótt þeir hafi verið mun færri en undanfarin ár.

Þó svo að fjöldatakmarkanir og metra bili hafi verið haldið á lofti þá átti maður til að gleyma sér og óvart skellt einum blautum kossi eða knúsi á gamlan vin sem maður rakst á í Bónus eða Krónunni, enda erfiður tími búinn að vera fyrir mann einsog mig sem þarf endalaust að vera að kyssa eða knúsa gamla félaga sem maður rekst á eftir langan tíma.

Svo má nú ekki gleyma að f..k loksins loksins loksins gátu mínir menn á Bretlandseyjum í Bítlaborginni lyft bikarnum sem ég er búin að bíða eftir að fá að horfa á þá lyfta síðan ég var 10 ára gamall. Sá enski er loksins komin í skápinn hjá mínum mönnum eftir 30 ára bið. Og ég ætla svo rétt að vona að ég þurfi ekki að bíða önnur 30 ár til að sjá það gerast aftur... ó nei ...

Það er nú efni í nokkra pistla eða heila bók að lýsa þeirri tilfinningu að fá að upplifa það aftur að sjá Poolara lyfta dollunni gömlu loksins eftir heil 30 ár. En nóg um það í bili ...

Seinni bylgja Covid er skollin á og ekki fyrir endanum á þessu helvíti og hvað þetta muni standa yfir lengi en við skulum vona að við þurfum ekki að ganga í gegnum bylgju 3 - 4 eða 5 af þessum andskota áður en þessu yfir lýkur.

Farið nú varlega og munið metra bilið góða, einn, tveir eða þrír, það fer eftir því hvernig liggur á Þórólfi og Y.N.W.A



HÖGNI SNÆR



SMÁ AUGLÝSINGAR



Nudd
Bjóðum upp á svæðanudd - fótanudd á sanngjörnu verði. Léttir fyrir allan líkamann og til að slaka á, veljið ilmkjarnaolíu fyrir proseager. Pantið tíma í síma: 8227750 (Lenka)

Smáauglýsingarnar eru fríar fyrir einstaklinga
mosfellingur@mosfellingur.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS

MÓTANDI



NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT
8. OKT
Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.
Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.
mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA >>> VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

BÍLAVIÐGERÐIR
BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~
BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR
Flugumýri 2 - Sími 566-6216

Bílapartar ehf
Notaðir **TOYOTA** varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR
Urðarholt 4 Mosfellsbær
Sími 578 5080

GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

AFLTAK EHF.
S: 660 0770 - www.afltak.is



OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA
Lágafellslaug
Virkir dagar: 06:30 - 21:30
Helgar: 08:00 - 19:00
Varmárlaug
Virkir dagar: 06:30-08:00 og 16:00-21:00
Laugard. kl. 08:00-17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
www.bmarkan.is

MALBIKSTÖÐIN

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612



www.arioddsson.is
ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI
MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI
Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142




SPURNING TIL BÆJARBÚA


Hver er uppáhalds-maturinn þinn?



ÁRMANN:
Pizza.



DÍANA:
Mexíkósúpa



AXEL:
Grjónagrautur.



SVERRI:
Kjúklingavængir.



EMILÍANA SARA:
Spagettí.



EGILL:
Kalkúnabollur.

Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR




Afmælis-Andrés


Golfmeistarinn


Mættar á markaðinn


Kling Balli


Á toppnum

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is


Vinkonur í gæsapartýi


Sigursælir Strumpar


Hvítvínskonurnar


Rúntur á golfvellinum




Síðasta veiðiferðin




SIGUR



STEINDI JR. OG DÓRI DNA
VORU FULLTRÚAR AFTURELDINGAR Í ÞÆTTINUM KVISS

TVÍFARAR


Kári Jökull


Phil Foden

Hárstofan Sprey
Hárstofan Sprey
Háholt 14 - s. 517 6677
Tímapantanir í síma 5176677
eða með appinu Noona
sprey_harstofa
Erum byrjuð að plana jólin
Ertu komin með tíma
í jólaklippingu?
Mælum með að bóka tímanlega

TRÍÓ

MÁNAÐARINS

→ EIN STÓR PIZZA ←

1.790 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIRFRAM OG SÆKIR

PANTAÐ Á NETINU EÐA MEÐ APPINU OG GREITT FYRIRFRAM

3

ÞRJÁR PIZZUR AF MATSEÐLI Á SJÓÐHEITU TILBOÐSVERÐI Í HVERJUM MÁNUÐI

STÓR -PIZZA-

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

GK Snyrtistofa
Kjarna Þverholti 2
Sími: 534 3424



SKÓGRÆKTARFÉLAGIÐ HEIÐRAÐ

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hlaut á dögunum umhverfisviðurkenningu Mosfellsbæjar 2020. Umhverfisnefnd bæjarins veitti félaginu viðurkenninguna fyrir mikið og gott starf á sviði skógræktar og umhverfismála. Á myndinni má sjá formenn félagsins síðustu ára eða fulltrúa þeirra.

Sæktu Landsbanka-appið
App Store Google Play

Múlalundur
Glæsileg ritfangaverslun í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!
MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson
löggiltur fasteignasali
897-0047



Davíð Ólafsson
löggiltur fasteignasali
896-4732

Þjónusta við Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð
588 55 30

BERG FASTEIGNASALA

Gylfaflöt



Vel staðsett 231 fm atvinnuhúsnæði við Gylfaflöt. Vel innréttað. Er á tveimur hæðum. Efri hæð með skrifstofum, eldhúsi og hreinlætisaðstöðu. Á neðri hæð salur og vinnurými. Gott aðgengi á vinsælum stað. **V. 55 m.**

Sunnukriki



Glæsilegt húsnæði til leigu á frábærum útsýnisstað í Krikahverfi.
250 fm til 500 fm eftir aðstæðum. Næg bílastæði.

Tröllateigur



Mjög falleg 112 fm íbúð á jarðhæð. Glæsilegt útsýni til Esjunnar. Stór lóð. Gróið umhverfi. 3 svefnherbergi. Parket á gólfum. Allt mjög snyrtilegt og vel innréttað. Svalir snúa í norður. **V. 51,7 m.**

Sumarhús í Hvalfirði



Glæsilegur sumarbústaður í landi Háls í Hvalfirði. Stór lóð. Glæsilegt útsýni yfir fjörðinn og til fjalla. Afar vel byggður bústaður á steyptum grunni. Álgluggar og útihurðir. Viðhaldsfrítt. Garðhús í garði. Hitaveita. Góðar innréttingar. Halogenlýsing. Stór sólpallur. **V. 24,5 m.**

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-18 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989